



**GRUNNSKÓLI
GRINDAVÍKUR**

SJÁLFSMATSSKÝRSLA
GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR
JÚNÍ 2012

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um Grunnskóla Grindavíkur.....	4
Nemendur:	6
Starfsmenn Grunnskóla Grindavíkur:	7
Markmið skólastarfs Grunnskóla Grindavíkur.....	8
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	9
Framkvæmd matsins:	11
Sjálfsmat veturinn 2011-2012	13
Mat á gæðagreini 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	14
Þróunaráætlun gg 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	18
Mat á gæðagreini 5.6 Jafnrétti og sanngirni	21
Þróunaráætlun gg 5.6 Jafnrétti og sanngirni.....	23
Mat á gæðagreini 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs	26
Þróunaráætlun gg 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs.....	28
Mat á gæðagreini 5.1 Skólanámskrá	30
Þróunaráætlun gg 5.1 Skólanámskrá.....	32
Mat á gæðagreini 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	34
Þróunaráætlun gg 5.2. Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	36
Mat á gæðagreini 5.3 Til móts við námsþarfir	39
Þróunaráætlun gg 5.3 Til móts við námsþarfir.....	41
Mat á gæðagreini 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat.....	43
Þróunaráætlun gg 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	45

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Mat á gæðagreini 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	46
Þróunaráætlun gg 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	51
Árlegar kannanir.....	57
Árleg könnun á líðan nemenda.....	57
Árleg foreldrakönnun	58
Fagmennska starfsfólks í Grunnskóla Grindavíkur, þróunarverkefni	58
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf skólaárið 2012-2013.....	60
Úttekt menntamálaráðuneytis á starfsemi Grunnskóla Grindavíkur	61
Styrkleikar og veikleikar	62
Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	64
Áætlun um sjálfsmat 2011-2013	65
Fræðsla	69
Samantekt og helstu niðurstöður	70
Viðaukar	84

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein gildandi grunnskólalaga ber grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Einnig til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Tryggt skal að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Sjálfsmatsvinna á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum sem er lykillinn að því að gera góðan skóla betri.

Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnu. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli Grindavíkur hefur byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* sem ber heitið *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu frá því í desember 2010. Vorið 2010 var lokið við þýðingu á *Gæðagreinum 2* sem er þriðja útgáfa Skota á gæðagreininum (HGIOS 3). Grunnskóli Grindavíkur hefur unnið með *Gæðagreini 2* frá upphafi. Þýðendur eru þær Þóra Björk Jónsdóttir og Helga Harðardóttir. Sjálfsmatsvinna Grunnskóla Grindavíkur í gegnum Gæðagreinana er að festa sig í sessi. Allir starfsmenn skólans koma að sjálfsmatsvinnunni á einhvern hátt og fer vinnan fram í hópastarfi. Allir hafa tæk á að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa þannig áhrif á matsvinnuna. Hugmyndir eru um að allt starfsfólk skólans búi til og þrói gæðagreina með sérstöðu skólans að leiðarljósi. Þannig verður matið sniðið að okkar skólastarfi og þeim þáttum sem við leggjum áherslu á.

Um Grunnskóla Grindavíkur

Eiginleg skólakennsla hófst árið 1888 í Grindavík fyrir tilstuðlan Odds V. Gíslasonar sem beitti sér sérstaklega fyrir skólastarfi og menntun í Grindavík. Það var þó ekki fyrr en árið 1948 sem starfsemi skólans hófst í því húsnæði sem hann starfar að hluta til í nú. Árið 1974 var nafni skólans breytt úr Barnaskóla Grindavíkur í Grunnskóla Grindavíkur sem starfar nú í tíu árgöngum. Í janúar 2010 tók Hópsskóli til starfa sem sjálfstæð eining ætluð yngsta stigi grunnskólans en strax um sumarið sama ár var ákveðið að skólarnir tveir störfuðu undir sama nafni, Grunnskóli Grindavíkur. Nemendur skólans eru um 460 og starfsmenn um 70 og hafa allir kennarar réttindi til kennslu. Húsnæði skólans er mjög gott og almenn ánægja með það. Skólabókasafn er í húsnæði Grunnskóla Grindavíkur og starfar þar bókasafnsfræðingur. Í Hópskóla er skólabókasafnið í litlu herbergi. Uppi eru áætlanir um að byggja nýtt bókasafn.

Leiðarljós Grunnskóla Grindavíkur voru unnin út frá tveggja ára starfsleikninámi sem kennarar tóku þátt í. Leiðarljós skólans hefur oft verið rætt síðan og allir sammála um að þeir séu stoltir af því. Leiðarljós skólans er eftirfarandi:

- Skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingi fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.

Grunnskólinn í Grindavík hefur valið að nota Uppeldi til ábyrgðar sem leiðarvísi. Stefnan er hugmyndafræði kennd við Uppbyggingarstefnuna (e. restitution) þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfsstjórn ásamt því að ýta undir sjálfstraust. Innleiðing hugmyndafræðinnar hófst á árunum 2004 – 2005. Skólareglur liggja fyrir undir heitinu samskipta- og skólabragur en þær eru grundvallaðar á leiðarljósi Grunnskóla Grindavíkur og Uppbyggingarstefnunnar.

Skipulag skólans byggir á bekkjarkerfi en í skólanum eru 24 bekkjardeildir í 10 árgöngum. Meðalstærð bekkja er um 20 nemendur. Skólinn er einsetinn og eru tvær bekkjardeildir í hverjum árgangi að undanskildum 1. 2. 6. og 7 árgangi þar sem þær eru þrjár. Skólaárinu er

ýmist skipt upp í tvær eða þrjár annir. Yngsta stigið, er með tvær annir, annaskil eru lok janúar. Miðstigið er einnig með tvær annir, annaskil eru í lok janúar. Elsta stigið er með þrjár annir og eru annaskil um miðjan nóvember og aftur um miðjan febrúar. Tvisvar á skólaárinu, um miðjan nóvember og febrúar, er samskiptavika þar sem nemendur mæta ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum eftir skólatíma í viðtöl við umsjónarkennara sinn. Á samskiptadögum eiga allir kennarar skólans að vera í skólanum og tilbúnir til viðtals við foreldra og nemendur.

Í stefnumótun núverandi skólaárs er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti (útikennslu), fjölsmiðju, stærðfræði á unglingsstigi og lestrarstefnu.

Helstu markmið sérkennslu í Grunnskóla Grindavíkur eru að styrkja sjálfsmynd nemenda, að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu og að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á sérkennslu í lestri og stærðfræði. Kennslan fer ýmist fram inni í bekk viðkomandi, einstaklingslega eða í smærri hópum eftir þörfum hverju sinni. Sérstakt Námsver er í skólanum og er það ætlað nemendum með sérþarfir. Skjól er tímabundið úrræði fyrir nemendur í 4. - 7. bekk og á að nýtast nemendum sem þurfa aðstoð við að ná tökum á ábyrgri hegðun, efla sjálfstjórn og tækifæri til að vinna í rólegu umhverfi og litlum hópi og þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsráðgjafi starfar í skólanum í 100% starfi. Hann situr í eineltisteymi og nemendaverndarráði. Að sögn námsráðgjafa sinnir hann einnig einstaklingsráðgjöf, kemur inn í bekk og heldur utan um ákveðna hópa.

Nemendaráð er virkt við skólann og eru fulltrúar þess valdir með kosningu. Stjórn þess skipa formaður og varaformaður úr 10. bekk. Fulltrúar í nemendafélagi sitja jafnframt í ungmennaráði.

Markmið félagsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda, skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í skólanum. Viðburðir sem nemendafélagið hefur staðið fyrir eru m.a. haustball fyrir mið- og elsta stig, jólaball, öskudagsskemmtun, þemadagar og íþróttadagur. Einnig er haldnar þrjár árshátíðir fyrir nemendur hvers stigs fyrir sig. Á árshátíð yngsta stigs

kemur hver bekkur fram með atriði. Árshátíð miðstigs fer fram með sama móti en að auki býðst nemendum 5. og 6. bekkjar að sækja dansleik sem haldinn er að kvöldi árshátíðardags elsta stigs. Á árshátíð elsta stigs setur hópur nemenda upp stórt leikrit undir stjórn leikstjóra. Ennfremur er nemendum boðið upp á árshátíðardansleik um kvöldið. Þátttaka nemenda í félags- og tómstundastarfi er nánast undantekningarlaust mjög góð.

Árshátíðir skólans eru einn af hápunktum starfsins hverju sinni. Mikið nám fer í gegnum einn af mikilvægastu þáttum skólastarfsins. Þar sem nánast hver einasti þátttakandi stendur uppi sem sigurvegari. Ekki síst sigurvegari í að sigra sjálfan sig og auka þannig sjálfsmynd og sjálfstraust. Á yngsta stigi er markmiðið að fá nemendur til að koma fram og bjóða upp á söng, leik, dans, hljóðfæraleik eða hvað annað skemmtilegt og er gengið út frá því að allir nemendur taki þátt/séu virkir á einhvern hátt. Allir bekkir á miðstigi eru með atriði til sýningar. Á þessum aldri þarf að sjá til þess að virkja alla og að allir hafi ákveðnu hlutverki að gegna. Ávallt er vel vandað til árshátíðar 7. - 10. bekkjar Grunnskóla Grindavíkur. Frá 1990 hefur hópur unglinga sett upp stórt leikrit sem ber uppi árshátíðina. Fyrstu árin leikstýrðu kennarar en síðan var farið að ráða menntaða leikara/leikstjóra til að setja upp sýningarnar og halda leiklistarnámskeið fyrir nemendur unglingskólans.

Nemendur:

Þegar skólaárinu 2011 – 2012 lauk voru nemendur skólans samtals 462 og skiptust þannig í bekkjardeildir:

1. bekkur 46 nemendur (3 bekkjardeildir)
2. bekkur 51 nemendur (3 bekkjardeildir)
3. bekkur 46 nemendur (2 bekkjardeildir)
4. bekkur 42 nemendur (2 bekkjardeildir)
5. bekkur 41 nemendur (2 bekkjardeildir)
6. bekkur 53 nemendur (3 bekkjardeildir)

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- 7. bekkur 56 nemendur (3 bekkjardeildir)
- 8. bekkur 42 nemendur (2 bekkjardeildir)
- 9. bekkur 40 nemandi (2 bekkjardeildir)
- 10. bekkur 45 nemendur (2 bekkjardeildir)

Starfsmenn Grunnskóla Grindavíkur:

Skólastjóri

Páll Leó Jónsson var skólastjóri en í nóvember 2011 var gerður starfslokasamningur við hann. Við starfi skólastjóra tók Pálmi H. Ingólfsson. Starf aðstoðarskólastjóra var lagt niður fyrir þetta skólaár. Halldóra K. Magnúsdóttir var ráðin skólastjóri frá 1. maí. Pálmi H. Ingólfsson mun ljúka skólaárinu sem skólastjóri en Halldóra mun starfa með Pálma til loka skólaársins 2011-2012.

Deildarstjórar

Við Grunnskóla Grindavíkur starfa fjórir deildarstjórar. Skiptingin við upphaf skólaársins var: Pálmi Ingólfsson var deildarstjóri 7. - 10. bekkjar og jafnframt gegndi hann starfi staðgengils skólastjóra sem þýddi að hann sinnti störfum skólastjóra í forföllum hans. Ólöf Bolladóttir var deildarstjóri 4.- 6. bekkjar auk námsvers. Ásrún H. Kristinsdóttir var deildarstjóri Hópsskóla og María Eir Magnúsdóttir var deildarstjóri sérkennslu. Við skólastjóraskiptin urðu breytingar. Pálmi Ingólfsson varð skólastjóri, Ægir Viktorsson varð deildarstjóri 7.-10. bekkjar. Kristín Mogensen tók við starfi deildarstjóra 4.-6. bekkjar auk námsvers eftir að Ólöf Bolladóttir óskaði eftir að verða leyst frá störfum. Ásrún H. Kristinsdóttir varð staðgengill skólastjóra ásamt því að vera deildarstjóri yngsta stigs.

Kennarar:

Kennarar eru 44 talsins þ.m.t. deildarstjórar. Stöðugildi til kennslu skólaárið 2011-2012 eru 40,31 og kennslustundir á viku skólaárið 2011-2012 eru 1067.

Aðrir starfsmenn:

2 húsverðir (2 stöðugildi)

2 skólaritarar (1 stöðugildi)

1 námsráðgjafi (1 stöðugildi)

1 bókasafnsfræðingur (1 stöðugildi)

10 stuðningsfulltrúar (5,83 stöðugildi)

14 skólaliðar (10,67 stöðugildi)

1 matráðskona (0,79 stöðugildi)

2 starfsmenn við skólavistun í Skólaseli auk forstöðumanns. (1,53 stöðugildi)

Markmið skólastarfs Grunnskóla Grindavíkur

Leiðarljós Grunnskóla Grindavíkur er að við viljum skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Við viljum að frá skólanum fari einstaklingar sem eru tilbúnir til að takast á við eigin framtíð.

Grunnskóli Grindavíkur vill vera umhyggjusamur skóli með skýr mörk. Við í Grunnskóla Grindavíkur erum sammála um að kurteisi, virðing, vinátta og sjálfsagi stuðli að farsæld í samskiptum og velgengni í skólanum. Áreitni, svo sem stríðni, hrekkir, slagsmál og einelti er óviðunandi hegðun sem er ekki liðin í skólanum. Kurteisi leiðir af sér meiri gleði og ánægju í skólastarfinu. Þess vegna leggur Grunnskóli Grindavíkur áherslu á að skapa rólegt og gott yfirbragð og að nemendur og starsfólk sýni hvert öðru kurteisi og tillitssemi.

Til þess að skólastarfið geti gengið sem best fyrir sig og skilað góðum árangri, verðum við öll að vinna samkvæmt ákveðnum reglum sem skólasamfélagið er sammála um að þurfi að gilda. Þær reglur eru leiðbeinandi fyrir okkur í samskiptum við aðra og umgengni. Þær leiðbeina okkur líka ef vandi kemur upp. Í því sambandi eru skólareglurnar mikilvægur þáttur og vinna

nemenda með sínum kennurum í að gera bekkjarsáttmála, og ræða „mitt og þitt hlutverk“. Umræður sem snúast um spurningar eins og: „Hvernig nemandi vil ég vera?“ „Hvernig bekkur viljum við vera?“ Og „hvernig skóla viljum við hafa?“ Þessar spurningar eru mikilvægar í því að allir beri ábyrgð á veru sinni í skólanum.

Grunnskóli Grindavíkur starfar eftir uppeldisstefnunni *Uppbygging sjálfsaga* þar er meginatriðið að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbygging sjálfsaga leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólaárið 2010-2011 hóf Grunnskóli Grindavíkur að byggja sjálfsmat sitt á *Gæðagreinum*. Skólinn hefur hlotið leiðsagnar starfsfólks Árskóla á Sauðárkróki við innleiðingu sjálfsmatskerfisins, *Gæðagreina 2*. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Þetta er því annað skólaárið sem Grunnskóli Grindavíkur hefur unnið að sjálfsmati með aðferðum Gæðagreinanna. Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Grunnskóla Grindavíkur tekur til níu lykilþátta sem *Gæðagreinar 2* eru byggðir á. Flestir lykilþættirnir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. Einnig höfum við, starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur, kost á því að búa til okkar eigin gæðagreina sem byggja á sérstöðu skólans (sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Grunnskóla Grindavíkur síðar í skýrslu).

Þeir níu lykilþættir sem skólastarfinu er skipt í eru:

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Í *Gæðagreinum 2* eru 6 lykilspurningar. Þessar mikilvægu spurningar eru grunnur að lykilþáttunum níu í þessari útgáfu Gæðagreinanna. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða þætti skólastarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða í Gæðagreinum 2 sjá [hér](#)

Lykilspurningarnar 6 eru eftirfarandi:

1. Hvaða árangri höfum við náð?
2. Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?
3. Hversu góða menntun veitum við?

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

4. Hversu góð er stjórnun skólans?
5. Hversu góð er forystan í skólanum?
6. Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?

Gefnar eru einkunnir á bilinu 1-6. Gefin eru viðmið um einkunnina 5 sem er *mjög gott* og einkunnina 2 sem er *slakt*. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem viðkemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala:

Einkunnaskali

6	<i>Framúrskarandi</i>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<i>Mjög gott</i>	Afar sterkur þáttur
4	<i>Gott</i>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<i>Nægilegt</i>	Sterk atriði rétt ná að veða meira en slök
2	<i>Slakt</i>	Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	Afar slakur þáttur

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kysir svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram og rökstuddir. Í viðauka 5 bls. 46 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á hverjir mikilvægustu þættirnir í gæðagreininum eru.

Á matsblaðið eru settar fram í stuttu máli tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. *Skilgreining lykilþátta*, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. *Skilgreining viðmiða*, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Nýr einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða *framúrskarandi*. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. *Greining sterkra og veikra þátta*, umsögn og einkunnagjöf
4. *Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn*, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á

Nálgast má efni *Gæðagreina 2* á eftirfarandi slóð:

http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

Nálgast má efni *How good is our school 3* á eftirfarandi slóð:

<http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Sjálfsmat veturinn 2011-2012

Á skólaárinu héldum við áfram frá því sem frá var horfið á skólaárinu 2010-2011 með vinnu á *Gæðagreinum 2* samkvæmt þriggja ára áætlun. Á síðasta skólaári byrjuðum við með sjálfsmatskerfið og gekk nokkuð vel að innleiða vinnubrögðin. Ráðgert er að starfsmenn muni meta allt skólastarfið með *Gæðagreinum 2* og mun hringferlið taka um þrjú ár. Einn af styrkleikum gæðagreinanna er sá að kerfið er afar sveigjanlegt. Þrátt fyrir að áætlun sé gerð til þriggja ára um mat á öllu skólastarfinu er auðvelt að taka inn nýja þætti og bregðast við. Einnig er auðvelt að skoða einstaka þætti skólastarfsins þegar þörf er á. Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilspurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti taka þarf til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki matskerfissins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins.

Samkvæmt þriggja ára áætlun um sjálfsmat áttu eftirfarandi gæðagreinar að vera lagðir fyrir til mats á skólaárinu 2011-2012:

Lykilþáttur 5 Menntun

- gg. 5.1 Skólanámskrá
- gg. 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms
- gg. 5.3 Til móts við námsþarfir
- gg. 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat
- gg. 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri
- gg. 5.6 Jafnrétti og sanngirni
- gg. 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

Lykilþáttur 8 Samvinna og búnaður

- gg. 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn
- gg. 8.2 Fjármálastjórn
- gg. 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis
- gg. 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga

Lykilþáttur 2 Áhrif á nemendur

- gg. 2.1 Námsreynsla nemenda
- gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu. Stuttlega gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á. Stjórnendur skólans ákváðu að gæðagreini 8.2 yrði sleppt. Ekki náðist að klára að vinna gæðagreina 8.1 og 8.4. Einnig ákváðu stjórnendur skólans að geyma gæðagreini 2.1 og 2.2 til næsta skólárs sökum tímaskorts. Þetta skólaár var nokkuð sérstakt hjá okkur sökum allra breytinganna og þurfti að fara í annars konar vinnu í staðinn.

Mat á gæðagreini 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Vinnulag: Gæðagreinir 5.5 var lagður fyrir til mats í lok október. Starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur hafði í byrjun mánaðarins farið í námsferð til Glasgow til að kynna sér How good is our school (HIGOS) og hlýddi á fyrirlestur fræðimannsins Gordon Mackenzie. Allt starfsfólk skólans tók þátt í matinu og voru alls þrír matshópar að störfum. Áður en matsferli hófst fékk starfsfólk stutta kynningu á gæðagreini, einkunnaskalanum sem liggur til grundvallar einkunnagjöf og hvernig skal vinna með þróunaráætlun.

Heildareinkunnagjöf hópanna: 3, 3, 4

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt úr gg 5.5:

Sterku hliðarnar okkar:

- Við höfum marga sterka þætti tengda skólastarfinu en gleymum stundum að hafa þá í huga: Árshátíð, samsöng, þemadaga, útikennsla, stærðfræðikeppnir, spurningakeppnir, upplestararkeppnin, samskipti á unglingastigi, valið á unglingastigi, fjölsmiðjan, skjólið og sjálfsstyrkingarnámskeið námsráðgjafa.
- Starfsfólk er almennt umhugað um að nemendur nái árangri og að allir geti lært.
- Námslega erum við að standa okkur vel. Við erum að koma vel til móts við nemendur okkar.
- Gott starfsfólk.
- Starfsfólk kemur á móts við nemendur með sérþarfir.

Veiku hliðarnar okkar:

- Megum taka okkur á í að gera stofur og ganga hlýlega með verkefnum nemenda.
- Það vantar að flagga því að við séum „uppbyggingaskóli“. Það á að sjást um leið og við komum inn í skólann að við vinnum samkvæmt uppbyggingastefnunni.
- Fylgja betur eftir þeim verkefnum sem byrjað er á, sbr. uppbyggingastefnan.
- Megum vera miklu duglegri með að hampa nemendum sem ná árangri utan skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Okkur skortir sameiginleg gildi og við þurfum að vinna eftir sömu línunni. Við höfum ekki nógu skýra stefnu í agamálum.
- Spurning hvort nemendur okkar séu vel meðvitaðir um markmið og til hvers er ætlast. Erum við að mata nemendur of mikið og skortir þeim þ.a.l. ákv. frumkvæði?
- Vantar samvinnu allra í skólasamfélaginu að ýmsum málefnum.
- Huga þarf betur að miðjuhópnum sem á kannski í vandræðum með ákveðna efnisþætti í náminu, bjóða þarf upp á stutt námskeið.
- Vantar sameiginlega sýn á agabrot/agastjórn
- Vantar eftirfylgni t.a.m. klára þau góðu mál sem við byrjum á t.d. fjölbreyttar kennsluaðferðir, heimnámstefnu, lestrarstefnu, uppbyggingarstefnu, námsmatsstefnu o.s.frv.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing. Við þurfum að dusta rykið af uppbyggingastefnunni.
- Samskipti í skólasamfélaginu eiga að vera jákvæð og reist á grunni gagnkvæmrar virðingar og sjálfsvirðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð.
- Agamál (agabrot og agastjórn) það þarf meiri samvinnu í skólasamfélaginu (starfsfólk, nemendur, foreldrar og íbúar Grindavíkur)

Tillögur um aðgerðir:

- Hafa samskiptadaga og samskiptaæfingar fyrir starfsfólk og nemendur, vinna markvisst með uppbyggingastefnuna, hrósa nemendum og starfsfólki, auglýsa það sem vel er gert og vekur athygli.
- Við eigum að hafa verkefni nemenda sýnileg í skólanum. Auka verklega vinnu og sýna afraksturinn.
- Vinna markvisst eftir Uppbyggingastefnunni. Fara að tileinka okkur nýja hluti í stefnunni þ.e. bæta við þá þekkingu sem við þegar höfum. Einnig mikilvægt að kynna þeim starfsmönnum stefnuna sem ekki þekkja hana.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Endurskoða og betrubæta bæklinginn Samskipti og skólabragur. Við þurfum öll að vera á sömu línu í agámálum.
- Halda á lofti því sem vel er gert bæði gagnvart nemendum og kennurum.
- Setja saman vinabekki sem vinna með uppbyggingastefnuna. Verkefni eiga að vera eiguleg og sýnileg á göngum skólans.

Þróunaráætlun gg 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Markmið með umbótum:

- Að bæta jákvæð samskipti, gagnkvæma virðingu og skólabrag.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Setja saman vinabekki sem vinna með uppbygginga-stefnuna. Verkefnin verða að vera eiguleg og sýnileg á göngum skólans	Deildarstjórar	Nóvember	Áætlun um hvernig á að gera þetta og hvenær því á að vera lokið	Það myndi sjást með verkefnum
Agamál (skýrari starfsreglur)	Allir	Haust 2012	Jákvæðni, vilja og samstöðu	Vellíðan, árangur nemenda og starfsfólks
Virkja skólasamfélagið	Allir	Endalaus vinna	Samvinnu og frumkvæði	Jákvæða umræðu í samfélaginu
Hlúa betur að miðjuhópnum	Umsjónarkennari og sérkennari	Haust 2012	Samvinnu og frumkvæði	Námsárangur, líðan nemanda og áhugi

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Þróunarverkefni (fjölbreyttar kennsluáðferðir, heimnámstefnu, lestrarstefnu, uppbyggingarstefnu, námsmatsstefnu)	Allir	Haust 2012 og vinna um ókomin ár	Skipulag, samvinnu	Sýnilegt metnaðarfullt skólastarf
Endurskoða/vinna skólareglurnar Samskipti og skólabragur	Allir, skólastjórnendur halda utan um	Sem allra fyrst, tilbúið fyrir næsta skólaár	Skipulag, stjórnun, samvinnu	Alla þessa þætti má t.d. meta með því að leggja aftur fyrir gæðagreina. E.t.v. kemur könnun á líðan til með að segja okkur hver stemningin er í skólanum

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Halda því sem vel er gert bæði meðal starfsmanna og nemenda	Allir	Aldrei		
Dusta rykið af uppbyggingastefnunni og tileinka okkur það sem við höfum lært og bæta við því sem við höfum ekki lært. Skýr mörk og sameiginleg gildi	Allir, stýrihópur heldur utanum	Alltaf	Til dæmis ákv. vegg þar sem vakin er áhersla á jækvæðni og hjálpssemi nemenda. Eins og var hér áður fyrir þegar kennarar sögðu frá því á kennarafundum hvað þér væru að fást við - miðla	

Mat á gæðagreini 5.6 Jafnrétti og sanngirni

Vinnulag: Gæðagreininir 5.6 var lagður fyrir til mats í lok október. Starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur hafði í byrjun mánaðarins farið í námsferð til Glasgow til að kynna sér How good is our school (HIGOS) og hlýddi á fyrirlestur fræðimannsins Gordon Mackenzie. Allt starfsfólk skólans tók þátt í matinu og voru alls þrír matshópar að störfum. Áður en matsferli hófst fékk starfsfólk stutta kynningu á gæðagreini, einkunnaskalanum sem liggur til grundvallar einkunnagjöf og hvernig skal vinna með þróunaráætlun.

Heildareinkunnagjöf hópanna: 4, 4, 5

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Okkar sterku hliðar eru hvað við leggjum okkur fram við að koma til móts við nemendur og foreldra þeirra. T.d. foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, erum með fjölbreytta kennslu og komum til móts við þarfir hvers og eins með einstaklingsnámskrám. Í okkar skóla er svo margt í boði t.d. námsver, Skjól, fjölsmíðjur, fjölbreyttar valgreinar, smíðjur, öfluga ráðgjafa eins og námsráðgjafi, félagsfræðingur og sálfræðingur.
- Komum vel til móts við nemendur með sérþarfir.
- Tökum vel á móti öllum. Fylgjum gildum skólans.

Veiku hliðarnar okkar:

- Erfitt að ætla að tryggja þátttöku foreldra
- Skólasels starfsfólk hefur sjaldnast tækifæri til að vera með okkur á starfsmannafundum.
- Við erum ekki að standa okkur nógu vel í uppbyggingarstefnunni. Nýtt starfsfólk þarf að fá kynningu á uppbyggingarstefnunni og reglulega þarf að fara í gegnum áherslurnar t.d. með námskeiðum, fyrirlesturum og leshópum. Það vantar áætlun um stefnuna og að allir séu tilbúnir að vinna eftir henni. Spurning um að endurskoða / stytta leiðarljós skólans. Finna okkur 3-4 stikkorð, eitthvað sem festist hjá okkur.
- Ekki allir hafa haft tækifæri á að fara til Glasgow vegna stutts fyrirvara.
- Leita þarf leiða til að styrkja sjálfsmynd nemenda enn frekar.
- Efla þarf stóra jákvæða hópinn til að leiða skólastarfið.
- Ekki borin jöfn virðing fyrir öllu starfsfólki skólans. Vantar opinskáa umræðu.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.
- Gagnkvæm virðing innan skólans. Jafnrétti og réttlæti.

Þróunaráætlun gg 5.6 Jafnrétti og sanngirni

Markmið með umbótum:

- Stuðla að jafnrétti og sanngirni innan skólasamfélagsins

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Vinna út frá jafnréttisáætlun skólans	Starfsmenn skólans	Sífelld í endurskoðun	Þekking á jafnréttisáætlun Niðurstöður úr mati	Starfsmannaviðtöl
Jafnréttisáætlun sé aðgengileg á heimasíðu skólans	Umsjónarmaður heimasíðu	Í byrjun skólaárs (sept.)		
Auka virðingu fyrir öllum störfum innan skólans	Starfsmenn skólans	Sífelld í endurskoðun	Kynna og hafa sýnilegt hlutverk hvers og eins	Birtist í ánægju starfsfólks

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Efla vitund skólasamfélagsins um mismunandi þarfir hvers og eins	Starfsmenn skólans	Alltaf í gangi	Láta raddir allra heyrast	Könnun á líðan
Leita þarf leiða til að styrkja sjálfsmynd nemenda enn frekar	Allir	Aldrei	Samstarf	Könnun um líðan nemenda
Efla þarf stóra jákvæða hópinn til að leiða skólastarfið	Allir	Aldrei	Styrkja sjálfsmynd nemenda og vinna markvisst í skólanum að því að hrósa þorra nemenda fyrir vel unnin verk	Meta skólabrag og líðan nemenda með reglulegu millibili

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu				
Að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð				
Efla þátttöku foreldra í skólafarfinu	Allir	Aldrei	Samstarf og jákvæða strauma	
Leggja meiri áherslu á þau gildi sem skólinn stendur fyrir, hafa þau sýnilegri	Allir	Á þessu skólaári 2011-2012	Samstarf og að allir séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum	Foreldrakönnun

Mat á gæðagreiini 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

Vinnulag: Gæðagreinir 5.9 var lagður fyrir til mats í lok október. En starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur hafði í byrjun mánaðarins farið í námsferð til Glasgow til að kynna sér How good is our school (HIGOS) og hlýddi á fyrirlestur fræðimannsins Gordon Mackenzie. Allt starfsfólk skólans tók þátt í matinu og voru alls þrír matshópar að störfum. Áður en matsferli hófst fékk starfsfólk stutta kynningu á gæðagreiini, einkunnaskalanum sem liggur til grundvallar einkunnagjöf og hvernig skal vinna með þróunaráætlun.

Heildareinkunnargjöf hópanna: 3,3,4

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Leggjum okkur fram við að mæta ólíkum þörfum nemenda.
- Leggjum okkur fram við að bæta námsumhverfi og starfsaðferðir skólans/skólasamfélagsins.
- Við erum að beina sjónum okkar að árangri nemenda og framförum í námi og kennslu.
- Við erum með kannanir á öllum skólastigum og bregðumst við niðurstöðum prófa.
- Sérfræðingar eru orðnir aðgengilegri með því að koma í skólann.
- Notum HGIOS
- Við mætum þörfum einstaklinga t.d. Fjölsmiðjan

Veiku hliðarnar okkar:

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Þróunaráætlun sem unnin er út frá sjálfsmati þarf að vera sýnilegri alltaf og vel kynnt.
Mikilvægt að endurmeta markvisst hvort umbætur hafi átt sér stað.
- Ákveðnir aðilar taki að sér að fylgja eftir áætlunum um úrbætur.
- Það er ekki alltaf skýrt hver eru hlutverk hvers og eins og það að skipuritið er oft óljóst.
- Skólann vantar sérstöðu, uppbyggingarstefna okkar ætti að vera það en við höfum kannski ekki verið nógu dugleg að vinna með hana þannig að það skili sér.
- Á starfsdögum mætti vera meira um góð námskeið og fyrirlesara.
- Niðurstöður t.d. þessa mats mættu vera sýnilegri
- Við eigum að skapa sérstöðu og hafa hana sýnilega
- Vantar eftirfylgni eftir að markmið eru sett, málið metið og unnið úr niðurstöðum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Það þarf skýrara skipurit og nákvæmari verklýsingu. Það þarf að vera stöðug umræða um fagstarf innan skólans.

Tillögur um aðgerðir:

- Að vinna að færri þáttum í einu og gera þá vel í staðinn fyrir að hafa allt undir.

Þróunaráætlun gg 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

Markmið með umbótum:

- Markvisst umbótastarf sem leiðir til árangursríkara skólastarfs.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Vinna þróunaráætlun út frá sjálfsmati.	Matsteymi og skólastjórn	Símat	Upplýsingar/gögn frá öllum í skólasamfélaginu	Þróunaráætlunin er sýnileg t.d. birt á heimasíðu
Kynna þróunaráætlunina fyrir skólasamfélaginu og hafa hana alltaf sýnilega	Skólastjórn	Lýkur aldrei	Niðurstöður úr mati	Þróunaráætlunin er sýnileg t.d. birt á heimasíðu
Markvisst endurmat á umbótum	Matsteymi og skólastjórn	Símat	Upplýsingar/gögn frá öllum í skólasamfélaginu	Markvissu mati – mismunandi leiðir
Fela ákveðnum aðilum að fylgja eftir áætlun um úrbætur	Skólastjórn	Desember 2012	Fjármagn og mannskap	Gæðagreinir 5.9 lagður aftur fyrir

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Viðeigandi gæðastaðlar hafa ekki enn verið nýttir til umbóta	Skólastjórn	Fyrir jól	Fara yfir niðurstöður síðasta árs	Bera saman gæðagreina milli ára.
Að deila með öðrum því sem er til fyrirmyndar í starfi	Allir	Aldrei	Hittast og ræða saman, skella öllu inn á heimasíðuna, hafa allt á einum stað og aðgengilegt öllum	Með ánægju samstarfsaðila
Stjórnendur þurfa að skýra betur skipurit, taka saman verksvið hvers og eins og kynna fyrir starfsfólki	Skólastjórn	Fyrir jól	Umræður stjórnenda um hlutverk sín	Bera saman gæðagreina milli ára
Stöðugri umræðu um faglega þætti skólastarfsins, t.d á deildarfundum eða starfsmannafundum	Allir	Aldrei	Umræður á deildar- og starfsmannafundum	Með fjölbreytni í kennslu, ánægðari nemendum og starfsfólk

Mat á gæðagreini 5.1 Skólanámskrá

Vinnulag: Gæðagreinir 5.1 var lagður fyrir til mats í janúar og voru tveir matshópar að störfum. Þátttakendur í þessum gæðagreini voru kennarar. Áður en matsferli hófst fengu kennarar stutta kynningu á gæðagreini og það var minnt á að ekki bara taka fram sterkar og veikar hliðar heldur einnig taka fyrir mikilvægustu þættina og koma með tillögur að aðgerðum.

Heildareinkunnargjöf hópanna: 1,1

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Það eru til hin ýmsu gögn sem eiga að vera í skólanámskrá. Hins vegar eru þau ekki vistuð í heild sem skólanámskrá.
- Dreift á ýmsa staði s.s í starfsáætlun skólans og fleiri stöðum.
- Það er vilji hjá okkur að vinna vinnuna þannig að við getum verið stolt af.

Veiku hliðarnar okkar:

- Það er engin skólanámskrá til!
- Samkvæmt lögum eiga skólar að útbúa sína skólanámskrá en GG vantar það.
- Efni skólanámskrárinnar er ekki á einum stað eins og ætti að vera í skólanámskrá.
- Við þurfum að líta á skólanámskránnar sem okkar vinnuþagg en ekki einhvern pappír til ráðuneytisins.

Sjálfsmatskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Við þurfum að vera meðvituð um tilgang og markmið hennar.
- Hugtök er tengjast skólanámskránni eru á reiki.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skólanámskráin okkar á að marka skýra stefnu sem byggð er á sameiginlegu gildismati.
- Við eigum að þróa og endurbæta skólanámskrána reglulega þar sem allt starfsfólkið tekur þátt og tekið er tillit til skoðana nemenda okkar og foreldra þeirra.
- Hafa þarf í huga á hvaða grunni byggjum við okkar skólastarf með hvaða gildum og hver er okkar sýn á nemendum, markmið og inntak starfsins.
- Mikilvægt að það skapast jákvætt viðhorf til vinnunnar.

Tillögur um aðgerðir:

- Allir þurfa að kynna sér skólanámskrár annarra skóla og markmið í AG sem er nýútgefin og er í anda nýrrar menntastefnu þar sem sex meginþættir skólastarfs eru aðaláherslurnar.
- Einhverjir tveir taka það að sér að safna saman því sem til er og vinna ákv. beinagrind sem er síðan kynnt fyrir starfsfólki.
- Eftir þá vinnu fara allir á Flúðir og skella sér í kaffihúsavinnu með skólanámskrár...og það dugar ekkert minna en hótél fyrir okkur☺
- Undirbúningsvinna fram að vori og lokahöggið á fyrstu starfsdögum að hausti.

Þróunaráætlun gg 5.1 Skólanámskrá

Markmið með umbótum:

- Útgáfa skólanámskrá Grunnskóla Grindavíkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Fá alla til að kynna sér skólanámskrár annarra skóla s.s. Áslandsskóla og Heiðarskóla	Allir kennarar	Fyrir skólaslit	Ákvörðun skólastjórnar	Deildarstjórar taka hluta af fundi til að viða að sér upplýsingum frá kennurum
Það þarf að ræða markmið skólastarfs og inntak með öllu starfsfólki skóla	Í vinnuhópum og litlum kaffihúsafundum	Sem fyrst	Tíma	Í lok undirbúnings og útgáfu námskrár
Einhverjir tveir taka það að sér að safna saman því sem til er og vinna ákv. beinagrind sem er síðan kynnt fyrir starfsfólki	Útvaldir kennarar /Stjórnendur	Lokið fyrir starfsdag 16. maí /Sem fyrst	Greiðslur til viðkomandi kennara /Tíma	Þegar búið er að útbúa námskrána/ Með kynningu á starfsdeginum

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Eftir að búið er að safna saman því sem til er fara allir á Flúðir og skella sér í kaffihúsavinnu með skólanámskrá	Sömu tveir kennarar auk aðila frá skólastjórn (samtals 5)	Starfsdagar að hausti	Ákvörðun skólastjórnar og vilja allra	Með útgáfu fyrir annarskipti í nóvember

Mat á gæðagreiini 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Vinnulag: Gæðagreinir 5.2 var lagður fyrir til mats í janúar og voru tveir matshópar að störfum. Aðeins kennarar tóku þátt í þessum gæðagreiini. Áður en matsferli hófst fengu kennarar stutta kynningu á gæðagreiini og það var minnt á að ekki bara taka fram sterkar og veikar hliðar heldur einnig taka fyrir mikilvægustu þættina og koma með tillögur að aðgerðum.

Heildareinkunnargjöf: 4, 4

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Flestir að gera sitt besta í að skapa gott námsumhverfi og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og kostur er.
- Okkur er umhugað um að koma til móts við námsþarfir nemenda reynum að finna leiðir fyrir hvern og einn.
- Námsumhverfi er hvetjandi
- Gott skipulag er á námi og kennslu
- Nemendur fá tækifæri til að taka ábyrgð á eigin námi
- Upplýsingaflæði milli heimilis og skóla – heimasíðan og mentor

Veiku hliðarnar okkar:

- Mættum gera meira af því að efla gagnrýna hugsun nemenda. Börn of mikið mötuð af samfélaginu í heild.
- Við mættum vinna betur með nemendum eða leyfa þeim að taka þátt í að skipuleggja nám þeirra.
- Mættum gefa okkur meiri tíma í samantekt og endurgjöf í lok hvernar kennslustundar.
- Þörf er á að efla fjölbreytt skapandi starf og skapandi hugsun
- Að veita afburðanemendum athygli í námi og sköpun
- Efla þarf söng- og leiklist og tjáningu við skólann sem hluta af daglegu skólastarfi
- Að gera útikennslu að eðlilegum hluta skólastarfs

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að mæta þörfum hvers og eins nemanda.
- Veita öllum verkefni við hæfi og gefa nemendum tækifæri á að taka ábyrgð á eigin nám á sínum forsendum.

Tillögur um aðgerðir:

- Stofna rýnihópa sem samanstanda af nemendum og öðru starfsfólki.
- Leita meira til nemenda eftir þátttöku þeirra í undirbúningi verkefna.
- Taka saman og veita endurgjöf í lok kennslustunda.
- Söngstund á morgnana í Grunnskólanum
- Efla samstarf umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara með það fyrir augum að efla skapandi starf í skólanum.

Þróunaráætlun gg 5.2. Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Markmið með umbótum:

- Að efla skapandi starf og gagnrýna hugsun nemenda með þátttöku þeirra í skipulagi náms og kennslu.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Efla samstarf umsjónar og list- og verkgreinakennara	Umsjónarkennari List- og verkgreinakennarar Deildastjórar	Í stöðugri vinnslu	Áhuga metnað og fjármagn	Deildastjórar, viðkomandi kennarar, sýnilegri verkefni og fjölbreytni í uppákomum allt skólaárið
Að auka vægi skapandi lista, dans, söngur, leiklist	Umsjónarkennari List- og verkgreinakennarar Deildastjórar	Í stöðugri vinnslu	Að ráða listrænan verkefnastjóra	Kannanir meðal starfsfólks og nemenda. Ánægjuvugin☺
Til að efla gagnrýna hugsun er t.d. hægt að stofna rýnihópa með nemendum og öðru starfsfólki	Kennari og stjórnendur	Koma á á næsta skólaári og halda gangandi	Jákvæðni og skipulag	Aukin ánægja og tillitsemi allra í skólanum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Til að leyfa nemendum að taka þátt í að skipuleggja nám þeirra og kennslu er hægt að leita til þeirra með hugmyndir að verkefnum og hvernig þeir vilja vinna þau. Þurfum samt að vera stýrandi, sérstaklega á yngri stigum	Kennari og deildarstjóri koma vinnubrögðunum af stað	Hægt að koma skipulagningu á strax og hefja af alvöru næsta skólaár	Samvinna	Í áhuga og vinnu nemenda.
Samantekt og endurgjöf í lok kennslustunda	Kennari og nemendur	Hægt að koma skipulagningu á strax og hefja af alvöru næsta skólaár	Samvinnu og skipulag	Í bætum námsárangri nemenda

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Efla samstarf umsjónar og list- og verkgreinakennara	Umsjónarkennari List- og verkgreinakennarar Deildastjórar	Í stöðugri vinnslu	Áhuga metnað og fjármagn	Deildastjórar, viðkomandi kennarar, sýnilegri verkefni og fjölbreytni í uppákomum allt skólaárið
Að auka vægi skapandi lista -dans, söngur, leiklist	Umsjónarkennari List- og verkgreinakennarar Deildastjórar	Í stöðugri vinnslu	Að ráða listrænan verkefnastjóra	Kannanir meðal starfsfólks og nemenda. Ánægjuvogin☺
Til að efla gagnrýna hugsun er t.d. hægt að stofna rýnihópa með nemendum og öðru starfsfólki	Kennari og stjórnendur	Koma á á næsta skólaári og halda gangandi	Jákvæðni og skipulag	Aukin ánægja og tillitsemi allra í skólanum

Mat á gæðagreini 5.3 Til móts við námsparfir

Vinnulag: Gæðagreinir 5.3 var lagður fyrir til mats í janúar og voru tveir matshópar að störfum. Aðeins kennarar tóku þátt í vinnu á þessum gæðagreini. Áður en matsferli hófst fengu kennarar stutta kynningu á gæðagreini og það var minnt á að ekki bara taka fram sterkar og veikar hliðar heldur einnig taka fyrir mikilvægustu þættina og koma með tillögur að aðgerðum.

Heildareinkunnargjöf hópanna: 4, 4

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Leitast er við að koma til móts við hvern og einn með margs konar úrræðum, s.s. sérkennslu, Skjóli, Námsveri, nýbúakennslu, Fjölsmiðju og kennslu í blindralettri.
- Val á unglिंगastigi mjög fjölbreytt. Á unglिंगastigi geta nemendur valið að vera í boltaíþróttum eða annars konar íþróttum.
- Aðstaðan til fjölbreyttra úrræða í skólanum er mjög góð.
- Reynum eftir fremsta megni að fylgjast með og bregðast við þörfum nemenda og gerum það í samstarfi við foreldra, nemendur og stoðþjónustu.
- Einstaklingsáætlanir eru ítarlega og vel unnar og koma vel inn á þá þætti sem eru nemendum til framdráttar.

Veiku hliðarnar okkar:

- Þrátt fyrir fjölbreytt úrræði nýtast þau ekki alltaf sem skyldi vegna þess að yfirsýn skortir, úrræðin rekast á.
- Engin yfirlýst stefna til í skólanum varðandi bráðgera nemendur.
- Fer eftir kennurum og í sumum tilfellum námsefni hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur varðandi námshraða.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að komið sé til móts við hvern og einn hvort sem um er að ræða bráðgera nemendur eða nemendur með námsörðugleika.
- Mjög mikilvægt að foreldrar séu samstarfsfúsir og sinni námi barna sinna.

Tillögur um aðgerðir:

- Að fara yfir stuðningsúrræðin þannig að stundatöflur stangist ekki á og úrræðin nýtist sem skyldi.
- Setja þarf fram skýrari stefnu um það hvernig framgangur námsferils einstaklinga er.
- Skýrir verkferlar þurfa að vera til og kynna þarf kennurum stefnu skólans hvað það varðar.
- Samræma þarf og hafa flæði á milli stiga og árganga.

Þróunaráætlun gg 5.3 Til móts við námsþarfir

Markmið með umbótum:

- Að mæta þörfum allra nemenda í námi og auka val innan námsgreina í samræmi við áhugasvið.
- Að úrræðin sem fyrir eru nýtist betur.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Útbúnir verðir verkferlar í námsgreinum	Deildarstjórar og umsjónarkennarar	Drög verði tilbúin að hausti 2012 t.d. íslenska og stærðfræði	Samstarf og tíma til þess	Starfsánægja og öryggi nemenda og kennara birtist þegar hlutirnir eru skipulagðari. Einkunnir úr samræmdum prófum. Til er skrifleg útfærsla á verkferlum
Setja fram tilboð um val innan námsgreina	Kennarar í viðkomandi grein	Fyrir haust 2012	Samstarf kennara sín á milli og við nemendur	Ánægðari og áhugasamari nemendur, hægt að meta með g. greini

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að fara yfir stuðningsúrræðin þannig að stundatöflur stangist ekki á	Deildarstjóri sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi stigs	Fljótlega í skólabyrjun	Þeir sem komi að kennslu nemandans, bæði bekkjarkennari og sérkennarar, hittist og samræmi stundatöflur og nám bekkjar og einstaklings sem nýtur stuðningsúrræða.	Leggja gæðagreiini 5.3 fyrir aftur
Að mynda teymi um nám hvers einstaklings sem nýtur margs konar stuðningsúrræða	Bekkjarkennari og viðkomandi deildarstjóri ásamt sérkennurum			

Mat á gæðagreini 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Vinnulag: Gæðagreininir 5.4 var lagður fyrir til mats í janúar og voru tveir matshópar að störfum. Aðeins kennarar tóku þátt í vinnu á þessum gæðagreini. Áður en matsferli hófst fengu kennarar stutta kynningu á gæðagreini og það var minnt á að ekki bara taka fram sterkar og veikar hliðar heldur einnig taka fyrir mikilvægustu þættina og koma með tillögur að aðgerðum.

Heildareinkunnargjöf hópanna: 2, 3

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Námsmatskvarðar sem allir í Hópskóla og nokkrir í Grunnskólanum hafa tileinkað sér, viljum við sjá í öllum bekkjum.
- Við bregðumst fljótt við og notum kvarðana til að fylgjast náið með stöðu hvers og eins.
- Sjálfsmatsbækur 1.-3. bekkjar.
- Samræmdar aðgerðir hvað varðar námsmat og áætlanagerð góð.
- Að koma til móts við þarfir slakra nemenda; samanber einstaklingsnámskrá og próf.

Veiku hliðarnar okkar:

- Virkja nemendur meira í jafningjamati og sjálfsmati.
- Nýta mætti stuðningsfulltrúa markvissara.
- Nýta upplýsingar betur til að koma til móts við þarfir nemenda.
- Ekki komið eins vel til móts við þá nemendur sem eru að skara fram úr eða þá nemendur sem þurfa smá aðstoð/miðjuhópurinn (örnámskeið). Vantar samræmingu á milli stiga í námsmati, þarf að vera flæði í gegnum allt námið.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Virkja nemendur meira í jafningjamati og sjálfsmati
- Láta nemendur taka þátt í námsmati t.d. með því að velja verkefni í möppu dæmi portfolio.
- Að vera með skýra samræmda námsmatsstefnu.
- Að koma til móts við alla. **AÐ ALLIR SKIPTI MÁLI.**

Tillögur um aðgerðir:

- Vera með fjölbreytt mat.
- Marka námsmatsstefnu.
- Skipa teymi.
- Meiri stuðning fyrir miðju- og framúrskarandi nemendahópinn.

Þróunaráætlun gg 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Markmið með umbótum:

- Að bæta námsmatsleiðir og hafa fjölbreyttara námsmat.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Endurskoða námsmatsleiðir	Stjórnendur/kennarar	2012	Skipa teymi sem hefur yfirumsjón	Spurningalisti fyrir kennara
Marka námsmatsstefnu	Námsmatsteymið	2012/2013	Skipa teymi sem hefur yfirumsjón	Gefa út námsmatsstefnu
Samræming þarf að vera á milli stiga í námsmati og flæði í gegnum allt námið	Stjórnendur /Þróunarhópur	Vor 2013	Áhuga og vilja	Getum lagt fyrir gæðagreini og kannanir til að meta hvernig okkur finnst að vinna eftir námsmatsstefnunni

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Ekki komið eins vel til móts við þá nemendur sem eru að skara fram úr eða þá nemendur sem þurfa smá aðstoð/ miðjuhópurinn (örnámskeið)	Allir til að mynda stuðningur sem kemur inn í stuttan tíma inn í árgang (örnámskeið)	Alltaf að vera í gangi	Pening, tíma, áhuga og vilja. Þetta þarf að vera faglærður einstaklingur	Ánægðir nemendur og foreldrar

Mat á gæðagreini 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Vinnulag: Gæðagreini 8.3 var lagður fyrir til mats í byrjun mars og voru átta matshópar að störfum. Allt starfsfólk tók þátt í vinnu á þessum gæðagreini. Áður en matsferli hófst fékk starfsfólk stutta kynningu á gæðagreini og það var minnt á að taka fyrir mikilvægustu þættina og koma með tillögur að aðgerðum.

Heildareinkunnargjöf hópanna: 2, 3, 3, 4, 4, 4, 4, 4

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Aðgengi fatlaðra er mjög gott í Hópskóla.
- Aðbúnaður í Hópskóla til fyrirmyndar. Kennslustofur eru nær allar rúmgóðar og vel tækjum búnar.
- Gott úrval námsgagna sem kemur til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Tækjabúnaður skólans fer batnandi sbr. Smart-töflur og skjávarpar sem bætir kennslu.
- Byggingar skólans öruggar og húsnæði rýmir starfssemina vel.
- Fljótt brugðist við ef úrbóta er þörf.
- Útisvæði við Hópskóla mjög gott. Mikil fjölbreytni, náttúra, leiktæki og íþróttavellir.
- Skipulag og aðgengi að búnaði er gott.
- Sýnileiki vinnu nemenda hefur aukist.
- Yngsta stigið duglegt að fara í útikennslu, 4. bekkur líka

Veiku hliðarnar okkar:

- Vantar geymslupláss í báða skólana og félagsaðstöðu fyrir nemendur.
- Vantar salernisaðstöðu fyrir fatlaða í grunnskólanum við Ásabraut.
- Vantar sjálfvirka opnara á útihurðir vegna aðgengi fatlaðra.
- Umgegni og ábyrgð kennara ábótavant í tölvuveri og nemendur eru alltof oft einir í tölvuveri og eftirlitslausir.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Nám og kennsla er ekki eflid með skipulegri notkun upplýsingatækni, nánasta umhverfis og tengslum við líf og starf í samfélaginu utan skólans nema hver með sínu nefi.
- Mikilvægt að endurskoða áætlun um öryggismál og Langt síðan að brunaæfing og skyndihjálparnámskeið var í skólanum.
- Oft hægt brugðist við þegar eitthvað er í ólagi.
- Vantar umferðamerkingar á gólf og stiga (t.d. fyrir Jóhannes).
- Skólalóð í Grunnskóla mætti vera fjölbreyttari.
- Vantar meira skipulag á veggjum ganga, sérstaklega í Grunnskóla. Verkefni nemenda eru ekki nógu sýnileg á göngum skólans.
- Við viljum mikið betra aðgengi að tölvum. Mikilvægt að hafa tölvuvagn í Grunnskólanum.
- Erfitt að hvetja nemendur til að nota búnað þegar hann virkar illa eða vantar.
- Aðgengi fatlaðra má bæta t.d. við skólalóð Hópskóla, innandyra í grunnskóla t.d. í sal og að komast inn og út úr byggingunni og sundlaug. Skoða út frá mismunandi sérgreinastofum sem notaðar eru fyrir nemendur.
- Nær samfélagið lítið notað til kennslu.
- Öryggi ótryggt vegna stórra hópa í sundkennslu
- Sameiginleg vinnuaðstaða starfsfólks og aðstaða ræstingarrýmis ófullnægjandi í Hópskóla.
- Bókasafnið einnig ófullnægjandi.
- Mjög erfitt að ná í starfsfólk í síma í Hópskóla.
- Tækjabúnaður í íþróttahúsi farinn að láta á sjá.
- Aðstaða ekki fyrir hendi í Hópskóla til að halda uppi list- og verkgreinakennslu.
- Öryggisgæsla í sundlaug ekki alltaf viðunandi.
- Gæslu ábótavant á göngum í Hópskóla
- Vantar bílastæði fyrir fatlaða sem og sjúkrabíl við bílastæði í Hópskóla
- Gera þarf átak í að laga umferðamenningu við báða skólana

- Húsnæðið við Ásabraut er ekki nógu hvetjandi til náms þar sem það vantar meira pláss á göngum og fleiri auð svæði.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Öryggis- og heilbrigðismálum allra séu í lagi bæði í skólahúsnæði og íþróttamannvirkjum.
- Að sérstakur fagstjóri fyrir upplýsingatæknina myndi leiða og efla starfið.
- Ef að farið er í einhverjar breytingar á húsnæði að hugað sé að geymsluplássi.
- Mikilvægt er að brunaæfing og skyndihjálparnámskeið verði reglulega haldið í skólanum.
- Starfsfólk og nemendur hafi færni og kunnáttu til að nýta sér tæki og gögn sem til eru.
- Nýta nærsamfélag betur í skólastarfinu.
- Bæta okkur í að skapa örvandi umhverfi í námi og kennslu
- Styrkja sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- Að aðbúnaður og aðstaða bæði nemenda og kennara sé góð, t.d. góður tölvubúnaður og góðar kennslustofur

Tillögur um aðgerðir:

- Umferðamerkingar á gólf og stiga.
- Brunaæfing og skyndihjálparnámskeið verði reglulega haldið í skólanum.
- Sérstakur fagstjóri fyrir upplýsingatæknina myndi leiða og efla starfið.
- Skoða salernisaðstöðu fyrir fatlaða í grunnskólanum við Ásabraut.
- Setja upp sjálfvirkan opnara á útihurðir vegna aðgengi fatlaðra í GG við Ásabraut.
- Átak í umgegni í tölvuverum.
- Sniðugt væri að hengja vel unnin verkefni nemenda upp víðsvegar um bæinn og bæta þarf aðstöðu til að hengja upp verk í grunnskóla (sbr. hraunaðir veggir)

- Uppfæra þarf litla tölvuverið og mikilvægt að fjárfesta í tölvuvagni fyrir Grunnskólann.
- Fræða þarf nemendur um öryggismál.
- Breyta innkomu við Hópsskóla við bílastæði
- Taka hjólabrettapall við Hópsskóla
- Aukna gæslu í Hópsskóla
- Bætt símsvörun
- Setja hjólagrindur sunnan megin við Hópsskóla

Þróunaráætlun gg 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Markmið með umbótum:

- Bæta aðgengi, öryggi og umgengni.
- Að bæta skólalóð, tækjabúnað og auka sýnileika verka nemenda.
- Efla færni og kunnáttu nemenda og starfsfólks til að nýta sér tæki og gögn sem til eru og virkja nærsamfélagið betur til kennslu.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Umferðamerkingar á gólf og stiga	Stjórnendur og húsvörður	Fyrir páska	Vilja	Sjáanlegar merkingar og færri árekstrar á göngum skólans
Brunaæfing og skyndihjálparnámskeið verði reglulega haldið í skólanum	Öryggisfulltrúi og stjórnendur	Fyrir skólalok	Vilja	Færni starfsfólks og nemenda í að bregðast við aðstæðum
Ráða sérstakan fagstjóra fyrir upplýsingatækni sem myndi leiða og efla starfið	Stjórnendur	Fyrir næsta haust	Vilja	Betri umgengni, endingu tækja og fjölbreyttari kennsla

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Laga salernisaðstöðu fyrir fatlaða í grunnskólanum við Ásabraut	Húsvörður	Fyrir ágúst	Vilja	Fatlaðir komast á salernið
Setja upp sjálfvirkan opnara á útihurðir vegna aðgengi fatlaðra í GG við Ásabraut	Húsvörður	Fyrir skólabyrjun	Vilja	Fatlaðir komast í heimsókn
Átak í umgegni í tölvuverum	Stjórnendur	Núna. STRAX	Vilja	Betri tæki, betri líðan
Auka fjölbreytni á skólalóð í Grunnskóla	Skólastjórnendur	Haustið 2012	Fjölga rólum og gera ýmis svæði meira spennandi sbr. græna blettinn við sparkvöll	Færri kvartanir og aukin gleði skólaliða og nemenda

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Bæta skipulag á veggjum grunnskólans	Stjórnendur og kennarar	Haustið 2012	Breyta þarf áferð á veggjum eða fá töflur til að hengja upp á	Snyrtilegri gangar og vandaðri vinnubrögð
Bæta þarf tölvubúnað í GG	Stjórnendur	Haustið 2012	TÖLVUVAGN Uppfæra litla tölvuver	
Fara yfir rýmingaráætlun árlega	Slökkvistjóri, skólastjóri og öryggisfulltrúar	Fyrir lok skóla	Tíma og starfsfólk	Með æfingum og sýnilegum rýmingaráætlunum
Örnámskeið fyrir starfsfólk í notkun á tækjum og tólum	Skólastjórn	Næsta skólaár	Tími og áhugi	Meiri notkun á tækjum og tólum
Nýta upplýsingatækni í kennslu	Kennarar	Sífelldri þróun	Tími og áhugi	Fjölbreyttari verkefni nemenda

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Gera ráð fyrir svæði fyrir upplýsingatækni og tölvuvinnu í nýja bókasafninu. Einnig að gera ráð fyrir að nemendur geti unnið ýmisskonar verkefni þar	Stjórnendur í samráði við bæjaryfirvöld	Áður en teikningarnar verða gerðar	Yfirstjórn bæjarins átti sig á mikilvægi upplýsinga og margmiðlunar og veiti til þess fjármagn	Fjölbreyttari kennsluhættir og nýting nemenda á aðstöðu
<p><u>Hópsskóli:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> - Bæta ræstingar- aðstöðu - Bæta aðstöðu og þjónustu bókasafns - Ef á að halda uppi list og verkgreina- kennslu þarf aðstöðu við hæfi 	Stjórnendur	Fyrir næsta skólaár	Vilja, endurskipulagningu og fjármagn	Næsti gæðagreinir

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Skoða nýtingu og þörf á slökunarrými				
- Breyta innkomu við Hópsskóla				
- Taka hjólabrettapall				
- Aukin gæsla (fleiri skólaliðar)				
- Setja hjólagrindur sunnan megin				

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<p>Báðar starfsstöðvar</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nemendavinna sýnilegri - Bæta okkur í að skapa örvandi umhverfi í námi og kennslu - Styrkja sjálfstæð vinnubrögð nemenda - Bætt símsvörun - Hafa faglegan tengilið frá skólanum við kerfisstjóra bæjarins 	Kennarar	Ótímabundið	Framtakssemi kennara	Sýnileg vinna nemenda á veggjum í stofum og göngum skólans
<p>Íþróttahús</p> <ul style="list-style-type: none"> - Endurnýja tæki 	Íþróttakennarar/ stjórnendur/ forstöðumaður íþróttahúss	Fyrir næsta skólaár	Vilja og fjármagn	Næsti gæðagreinir

Árlegar kannanir

Á hverju ári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr þessum könnunum gefa okkur vísbendingu um það sem vel er gert og eins það sem þarf að laga í skólastarfinu. Jákvæðar niðurstöður styrkja skólastarfið til áframhaldandi góðra verka og neikvæðar niðurstöður gefa okkur tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Það er því afar mikilvægt er að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Grindavíkur eru lagðar fyrir tvær árlegar kannanir, könnun á líðan fyrir nemendur í 3.-10. bekk og foreldrakönnun fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk. Umfjöllun um kannanirnar má sjá hér á eftir.

Árleg könnun á líðan nemenda

Árleg könnun á líðan nemenda í 3.-10. bekk er lögð fyrir í október. Markmið könnunarinnar er að kanna líðan nemenda í skólanum og umsjónarbekknum sínum. Einnig er spurt um það hvort nemandi eigi vini í skólanum og að lokum er spurt um það hvort nemandi sé lagður í einelti og hvort hann viti um nemendur sem eru lagðir í einelti.

Náms- og starfsráðgjafi tekur saman niðurstöður fyrir hvern og einn bekk og heildarniðurstöður yfir alla bekki. Umsjónarkennarar fá í hendur niðurstöður fyrir sína bekki og bregðast við á viðeigandi hátt. Þeir ræða við þá nemendur sem líður illa eða sæmilega í skólanum eða bekknum eða eiga ekki vini og hafa samband við foreldra. Þessum nemendum er boðið að þiggja viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa. Kannaðar eru þær vísbendingar sem koma fram um þá nemendur sem eru meintir þolendur eineltis. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að þeirri kortlagningu. Hún unnin í samvinnu við íþróttamiðstöðina, húsvörð, skólaliða, stuðningsfulltrúa og list- og verkgreinakennara. Ef kortlagningin á eineltismálinu staðfestir að um einelti sé að ræða er málinu vísað til eineltisráðs. Eineltisráð vinnur með málið samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Árleg foreldrakönnun

Árleg könnun meðal foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk var lögð fyrir á samskiptadögum 14.-16. febrúar 2012. Þátttaka var 60% og niðurstaðan leiðir í ljós að meirihluti foreldra, eða um 84%, eru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann í heild sinni. Rétt rúmlega 85% eru ánægðir með kennsluna í skólanum og 90% foreldra eru með jákvætt viðhorf til umsjónarkennara sinna barna. Foreldrar eru sammála um að börn þeirra fái að njóta sín í skólanum og að börnum þeirra sé vel sinnt. Um 78% foreldra segja að barni sínu líði alltaf eða oftast vel í skólanum og allir sem nýta sér stoðþjónustu skólans eru mjög sáttir eða fremur sáttir við þjónustuna. Tæplega fjórðungur telur að í skólanum sé talsvert agaleysi en í síðustu foreldrakönnun voru 60% foreldra á því að agaleysi væri talsvert. Þegar kemur að umræðu um einelti segjast 87% foreldra hafa rætt við barn sitt um einelti, 20% segja að barn sitt hafi orðið fyrir einelti og 5% finnst ekki tekið nógu vel á einelti.

Foreldrakönnunin fer fram á rafrænu formi í gegnum könnunarforritið Limey survey. Þetta er „open source“ hugbúnaður sem er notendum að kostnaðarlausu og hefur Jóhann Friðriksson tölvuumsjónarmaður Árskóla á Sauðárkróki þýtt hann yfir á íslensku. Hann hefur verið sjálfsmatsteymi innan handar við ýmsa tæknilega aðstoð. Sjálfsmatsteymi hefur umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu á könnuninni. Afar mikilvægt er að fá viðhorf foreldra til skólans. Rafræn könnun gerir okkur kleift að vinna með niðurstöður um leið og lokað er fyrir þátttöku. Sjálfsmatsteymið vonast til að á næsta skólaári verði lögð fyrir nemendur könnun með svipuðu sniði og foreldrakönnunin því ekki er síður mikilvægt að fá fram viðhorf nemenda til skólans. Niðurstöður foreldrakönnunar má nálgast á heimasíðu Grunnskóla Grindavíkur.

Fagmennska starfsfólks í Grunnskóla Grindavíkur, þróunarverkefni

Starfsþróun er hluti af starfsskyldu starfsmanna þar sem einstaklingar og hópar leitast við að bæta starfsemi stofnunarinnar og hæfni sína út frá persónulegum þörfum og þörfum stofnunarinnar. Þannig er skólinn samfélag þar sem allir læra, bæði nemendur og starfsfólk. Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að

öðlast tilætlaða hæfni. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð og framkvæmd starfsþróunaráætlana. Hann kemur tillögum um endur- og símenntun og kostnað vegna hennar á framfæri við Skólaskrifstofu Grindavíkur. Deildastjórar verða skólastjóra til aðstoðar.

Sem starfsþróun flokkast:

- Heimsóknir / vettvangsferðir þar sem skil eru gerð á neti skólans og / eða kennarafundi.
- Handleiðsla starfsfélaga
- Undirbúningur og framkvæmd fræðslu / kennslu fyrir starfsmenn
- Sá hluti af starfsdögum og starfsmannafundum sem er beinlínis áætlaður í fræðslu fyrir starfsmenn á einnig að áætla í starfsþróunaráætlun starfsmanna

Helstu samstarfsaðilar okkar verða auk upptalningar, fagfólk innanhúss:

- Skólaskrifstofa Grindavíkur
- Háskóli Íslands - menntavísindasvið
- Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Mentor
- Fagfólk / sérfræðingar utan skóla og fl.

Þau þróunarverkefni sem unnið var með í vetur:

- Fjölsmiðjan
- Lestrarstefna
- Uppbyggingarstefnan
- Fjölbreyttir kennsluhættir /útikennsla
- Stærðfræði á unglíngastigi
- Smart töflur og skjávarpar

Þegar unnið er að þróunarverkefnum í Grunnskóla Grindavíkur skal hver stýrihópur skila af sér lokaskýrslu til skólastjóra fyrir 1. júní ár hvert. Skýrslunni skal skilað með eftirfarandi hætti:

- Efnisyfirlit
- Inngangur
- Lýsing á verkefninu
- Markmið verkefnisins
- Framkvæmd
- Niðurstöður verkefnisins
- Mat á verkefninu
- Lokaorð
- Heimildir ef einhverjar eru
- Fylgiskjöl ef einhver eru

Viðauki 1: Lokaskýrslur stýrihópa þróunarverkefna

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf skólaárið 2012-2013

Á næsta skólaári liggur fyrir að unnið verður með eftirfarandi verkefni í þróunar- og nýbreytnistarfi:

- Fjölsmiðjan
- Lestrarstefna
- Uppbyggingarstefnan
- Fjölbreyttir kennsluhættir / útikennsla
- Orð af orði – lestur til náms

- Próunarsveitarfélag – Ný hugsun í átt að betri framtíð
- Innleiðing bekkjarfunda í skólastarfi

Úttekt menntamálaráðuneytis á starfsemi Grunnskóla Grindavíkur

Á tímabilinu frá og með desember 2011 til og með febrúar 2012 unnu Ingunn Björg Vilhjálmsdóttir og Árný Elíasdóttir hjá Attentus – Mannauði og ráðgjöf, úttekt á starfsemi Grunnskóla Grindavíkur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsla um úttektina kom út í mars 2012. Í kjölfar skýrslunnar fór ráðuneytið fram á það við sveitarfélagið að unnin yrði umbótaáætlun sem skilað yrði til ráðuneytisins fyrir 18. maí 2012. Óskað var eftir viðbótarfresti af hálfu sveitarfélagsins og var hann veittur af hálfu ráðuneytisins til 24. maí 2012.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 18. apríl sl., að tillögu fræðslunefndar, skipan starfshóps til að vinna að tímasettri áætlun um umbætur. Starfshópin skipuðu Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir, bæjarfulltrúi, Halldóra Kr. Magnúsdóttir, skólastjóri, Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs og Klara Halldórsdóttir formaður fræðslunefndar, auk Bennýjar Óskar Harðardóttur, fulltrúa kennara samkvæmt tilnefningu grunnskólakennara og Ingvars Þórs Gunnlaugssonar fulltrúa foreldra samkvæmt tilnefningu foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur.

Téður starfshópur fundaði fjórum sinnum á tímabilinu frá og með 7. maí til og með 22. maí og skipti með sér verkum á milli funda og var afurð vinnunnar tekin saman í umbótaáætlun í samræmi við kröfur ráðuneytisins.

Í framlagðri umbótaáætlun er fjallað um þá þætti sem taldir eru veikleikar skólans í skýrslunni. Í áætluninni er hver umbótaþáttur afmarkaður, tillaga úttektaraðila til úrbóta dregin fram og því næst áætlun starfshópsins um umbætur. Í kjölfarið er tekið fram hverjir eru ábyrgir fyrir umbótaþættinum, hvenær umbótavinna hefst og hvenær henni er ætlað að ljúka. Að síðustu eru tilgreind viðmið um árangur, hvernig og hvenær þau skulu mæld auk sérstakra bjarga til stuðnings viðkomandi umbótaþætti ef einhverjar eru.

Niðurstöður höfunda

Í viðtölum voru stjórnendur, starfsmenn, nemendur, foreldrar, fulltrúar í skólaráð og fulltrúar sveitarfélags m.a. spurðir út í styrkleika og veikleika Grunnskóla Grindavíkur.

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður þessara aðila, ásamt mati úttektaraðila.

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Stöðugleiki í starfsmannahópi og reynslumikið starfsfólk. Allir kennarar með réttindi.
- Áhersla list- og verkgreinar og fjölbreytta kennsluhætti.
- Margvísleg úrræði í sérkennslu og aðgangur að sérfræðipjónustu í sveitarfélaginu.
- Fjölbreytt félagslíf.
- Þróunarverkefni, s.s. stærðfræði á unglingastigi og lestrarstefna.
- Fjöldi úthlutaðra kennslustunda, m.a. til sérkennslu.
- Skólahúsnæðið.
- Almenn ánægja foreldra með skólann.
- Samskiptavikur.
- Einelti hefur farið lækkandi á milli ára.
- Nemendaráð virkt og ný stofnað ungmennaráð í sveitarfélaginu.
- Umhverfi skólans og lítið samfélag.
- Sveitarfélagið gerir vel við skólann sem ekki hefur þurft að hagræða mikið í kjölfar hruns.

Veikleikar:

- Skólanámskrá uppfyllir ekki ákvæði aðalnámskrár.
- Uppbyggingarstefnu lítið framfylgt og mismunandi tekið á agamálum.
- Erfiðleikar í stjórnun í tíð fráfarandi skólastjóra hafa sett mark sitt á skólabrag og samstöðu í starfsmannahópnum.
- Ekki nægilegt samvinna á milli heimilis og skóla og mikil óánægja einstakra foreldra sem ýtir undir neikvætt viðhorf í samfélaginu til skólans.
- Samstarf ekki nægilegt á milli yngra stigs í Hópskóla og eldri stiga í Grunnskóla Grindavíkur þrátt fyrir sameiningu.
- Skólinn nokkuð faglega einangraður frá öðrum skólum og sveitarfélögum t.d. í endurmenntun starfsfólks.
- Skortur á gegnsæi í ákvarðanatöku og lýðræðislegri þátttöku kennara, nemenda og foreldra.
- Skólaráð hefur verið lítið virkt.
- Stjórnun sérkennslu og Námsvers óskilvirk.
- Úrræðaleysi yfirvalda vegna erfiðra mála sem skólinn þarf að takast á við. Sérfræðiþjónusta ekki nægjanlega ljós foreldrum.
- Lítil eftirfylgni með þróunarverkefnum.
- Innra mat ekki fullnægjandi.
- Fjöldi íþróttakennara í almennri kennslu.
- Óánægja nemenda með of lítið samráð
- Smæð samfélagsins ókostur í erfiðum málum, m.a. vegna tengsla í samfélaginu

Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélags og yfirvalda

- Endurskoða skólastefnu sveitarfélagsins skv. nýrri aðalnámskrá samhliða stefnumótun Grunnskóla Grindavíkur. Sveitarfélagið er hvatt til að virkja þátttöku allra hagsmunaaðila að endurgerð stefnunnar.
- Fara í samstarf við fleiri sveitarfélög um fræðslu og endurmenntun kennara og starfsmanna svo auka megi enn frekar faglega umræðu í skólastarfinu.
- Endurskoða skipurit sveitarfélagsins. Að mati úttektaraðila er æskilegt að yfirmaður skólamála og yfirmaður barnaverndarmála sé sitt hvor stjórnandinn til að tryggja hlutleysi og faglega nálgun í starfi.
- Sveitarfélagið tryggi að ytra mat sé framkvæmt og sjálfsmat fari fram.
- Finna þarf úrræði fyrir fatlaða nemendur með geðræn vandamál.

Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Endurskoða þarf stefnu skólans svo og skólanámskrá út frá aðalnámskrá, lögum og reglugerðum með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins.
- Finna þarf leiðir til að auka samstarf heimilis og skóla og skapa traust um gott skólastarf. Auka má upplýsingaflæði til foreldra t.d. um sérfræðiþjónustu.
- Nýr skólastjóri þarf að finna leiðir til að endurvekja jákvæðan skólabrag, auka samstöðu innan starfsmannahópsins, auka lýðræðislega ákvarðanatöku kennara í faglegu starfi og skapa traust milli stjórnenda og starfsmanna.
- Auka þarf virkni skólaráðs.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

- Úttektaraðilar leggja til að skipurit skólans verði endurskoðað, einn og sami stjórnandinn verði yfir sérkennslu og Námsveri og stjórnendur fái stuðning í starfi og þjálfun.
- Auka þarf lýðræðislega þátttöku nemenda í ákvarðanatöku. Efla þarf aðkomu þeirra að því sem snertir nám þeirra, líðan og aðbúnað219 og auka þannig lýðræðislega aðkomu að skólastarfinu.
- Fylgja betur eftir þróunarverkefnum og festa þau í sessi.
- Eineltiskannanir séu jafnframt gerðar nafnlausar t.d. í árlegri líðankönnun meðal nemenda.
- Auka gæði, kynningu og eftirfylgni innra mats og sjálfsmatsskýrslu.

Minniháttar ábendingar

- Stjórnendur eru hvattir til að finna leiðir til bæta samstarf á milli Hópskóla og Grunnskólans sem virðist ekki vera nægilega mikið.

Áætlun um sjálfsmat 2011-2013

Áætlun um sjálfsmat nær til þriggja ára, 2011-2013. Á því tímabili er áætlað að ljúka öllum níu lykilþáttum gæðagreina áður en byrjað er á þeim á ný. Skólastjórnendur hafa fullt vald til að breyta áætluninni og færa gæðagreinavinnu ef þörf þykir. Einnig hafa þeir vald til þess að láta starfsfólk vinna með ákveðna gæðagreina oftari en einu sinni á þriggja ára tímabili. Sú breyting hefur orðið á áætluninni að gæðagreinir 8 og 2 sem átti að ljúka á skólaárinu 2011-2012 færast yfir á næsta skólaár.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Mánuður	1. ár 2011	2. ár 2012	3. ár 2013
	<u>Lykilþættir:</u> Áhrif á starfsfólk gg 3 Menntun gg 5 Starfsmannastjórnun & stuðningur við starfsfólk gg 7	<u>Lykilþættir:</u> Samvinna & búnaður gg 8 Áhrif á nemendur gg 2 Forysta gg 9	<u>Lykilþættir:</u> Áhrif á starfsfólk gg 3 Heildarárangur gg 1 Áhrif á samfélagið gg 4 Stefnumótun og áætlanagerð gg 6
	Matshópur stofnaður desember 2010 Umbótaáætlun kynnt Gæðagreinir 3.1		
Janúar	Unnið með gæðagreinir 3.1 Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Unnið með gæðagreinir 8.3. Allt starfsfólk í 5 hópum Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Unnið með gæðagreinir 3.1. Allt starfsfólk Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Mánuður	1. ár 2011	2. ár 2012	3. ár 2013
Febrúar	Foreldrakönnun hjá 2., 4. og 7. bekk á samskiptadögum 15.-17. febrúar	Samskiptadagar - Foreldrakönnun hjá 2., 4., 7. og 10. bekk á samskiptadögum Unnið með gæðagreinir 8.1, 8.2 og 8.4. Kennarar. 6 hópar Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Samskiptadagar - Foreldrakönnun hjá 2., 4., 7. og 10. bekk á samskiptadögum.
Mars	Starfsdagur 10. mars. Vinna með gæðagreinini 5.7, 5.8, 7.1, 7.2, 7.3. *2 hópar með hvern gæðagreinini	Unnið með gæðagreinir 2.1 og 2.2. Kennarar. 6 hópar Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Unnið með gæðagreinir 1.1 og 1.2. Allt starfsfólk Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar
Apríl	Unnið að úrvinnslu gæðagreina sem teknir voru fyrir á starfsdegi 10. mars		
Máí	Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Skýrslugerð	Skýrslugerð
júní	Skýrslugerð		

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Mánuður	1. ár 2011	2. ár 2012	3. ár 2013
Ágúst			
September		Unnið með gæðagreinir 9.1, 9.2., 9.3 og 9.4. Allt starfsfólk. 8 hópar Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar	Unnið með gæðagreinir 4.1 og 4.2. Allt starfsfólk Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar
Október	Námsferð til Glasgow – How good is our school Vinna með gæðagreinir 5.5, 5.6 og 5.9 – allt starfsfólk		
Nóvember	Unnið að úrvinnslu gæðagreina sem teknir voru fyrir í október		Unnið með gæðagreinir 6.1,6.2 og 6.3. Allt starfsfólk Þróunaráætlun og niðurstöður kynntar
Desember	Vinna með gæðagreinir 5.1, 5.2, 5.3 og 5.4 – ætlað kennurum. 8 hópar, þann 8. desember		

Fræðsla

Grunnskóli Grindavíkur hefur hlotið leiðsagnar starfsfólks Árskóla á Sauðárkróki við innleiðingu sjálfsmatskerfinsins *Gæðagreina* sem heitir á frummálinu *How Good is our School*. Í nóvember árið 2010 fór sjálfsmatsteymið og kynnti sér hvernig unnið er með Gæðagreina í Árskóla. Í framhaldi af því komu deildarstjóri miðstigs og kennsluráðgjafi Árskóla og voru með kynningu og leiðsögn um Gæðagreina fyrir allt starfsfólk. Með markvissri notkun á gæðagreinum fáum við yfirsýn um stöðu skólastarfsins og tækifæri til nánari skoðunnar á sterkum og veikum þáttum gæðagreina. Gæðagreinar eru gagnlegt verkfæri til að nota til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar á skólastarfinu. Unnið er út frá sex lykilsurningum í Gæðagreini. Þær eru:

1. Hvaða árangri höfum við náð?
2. Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?
3. Hversu góð er menntunin sem við veitum?
4. Hversu góð er stjórnunin í skólanum?
5. Hversu góð er forystan í skólanum?
6. Hvar liggja möguleikar okkar til umbóta?

Í byrjun október 2011 fór starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur til Glasgow þar sem það hlýddi á fyrirlestur fræðimannsins Gordon Mackenzie. Gordon Mackenzie var skólastjóri Belwearie í Kirkaldy 1988-2010. Belwearie er 1800 nemenda skóli sem talin er einn af bestu skólum Skotlands samkvæmt ytri útektum matsstofnana í Skotlandi. Gordon Mackenzie hefur hlotið viðurkenningu fyrir frammúrskarandi störf að skólamálum og er eftirsóttur fyrirlesari. Starfsfólk Belwearie hefur aðstoðað starfsfólk Árskóla við innleiðingu Gæðagreina sjálfsmatins frá árinu 2000. Starfsfólk var almennt mjög ánægt með fyrirlestur Gordon Mackenzie. Hann fór yfir það hvernig skóla við teldum okkur vera. Hvort við værum frábær skóli, skóli breytinga, skóli samfélagsins eða leiðbeinandi skóli? Hann lagði mikla áherslu á að við værum ávallt með það í huga að markmið vinnunnar með Gæðagreina væri að bæta okkur og verða frammúrskarandi skóli.

Samantekt og helstu niðurstöður

Sem fyrr segir að þá héldum við áfram frá því sem frá var horfið á skólaárinu 2010-2011 með vinnu á *Gæðagreinum 2* samkvæmt þriggja ára áætluninni. Ákveðið var að beina sérstaklega sjónum að lykilþætti 5, Menntun þar var unnið með 7 gg af 9. Lykilþáttur 8, Samvinna og búnaður var einnig unnið með en upphaflega átti að taka fyrir alla fjóra gæðagreinanna en það náðist aðeins að vinna með tvo þeirra. Einnig átti að vinna með lykilþátt 2, Áhrif á nemendur en það gafst ekki tími til þess og ákváðu stjórnendur að geyma þann gæðagreini til næsta skólaárs. Vinnulag, matsniðurstöður og umbætur voru settar fram í þróunaráætlun. Þær má sjá í sér köflum fyrir hvern gæðagreini fyrir sig í þessari skýrslu. Hér á eftir má sjá í hvaða farvegi vinna að endurbótum er í skólasterfinu út frá þeim gæðagreinum sem unnið var með.

Gæðagreinir 5.1, útgáfa skólanámskrár fyrir GG

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að fá alla til að kynna sér skólanámskrár annarra skóla s.s. Áslands-skóla	Allir kennarar undir stjórn deildarstjóra	Fyrir skólaslit	Ákvörðun skólastjórnar	Deildarstjórar taka hluta af fundi til að viðá að sér upplýsingum frá kennurum	Vinna ekki hafin
Að ræða markmið skólastarfs og inntak með öllu starfsfólki skólans	Í vinnuhópum og litlum „kaffihúsa-fundum“	Sem fyrst	Tíma	Metið út frá nýrri námskrá	Vinna ekki hafin

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að safna saman því sem til er og vinna beinagrind sem kynnt er fyrir starfsfólki	Stjórnendur /útvaldir kennarar (2)	Lokið fyrir starfsdag 16. maí/sem fyrst	Greiðslur til viðkomandi kennara	Metið út frá nýrri námskrá	Vinna ekki hafin
Unnið úr því sem til er í „kaffihúsa-vinnu“	Hinir útvöldu kennarar auk þriggja skólastjórna	Starfsdagur að hausti	Ákvörðun skólastjórnar og vilji allra	Metið út frá nýrri námskrá	Vinna ekki hafin

Gæðagreinir 5.2, að efla skapandi starf og gagnrýna hugsun nemenda með þátttöku þeirra í skipulagi náms og kennslu

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að efla samstarf umsjónarkefnara og list- og verkgreinakennara	Deildarstjórar, umsjónarkefnarar, list- og verkgreinakennarar	Stöðug vinna	Áhuga, metnað og fjármagn	Sýnilegri verkefni og fjölbreytni í uppákomum allt árið	Vinna hafin
Að auka vægi skapandi lista s.s. dans, söngs og leiklistar	Deildarstjórar, umsjónarkefnarar, list- og verkgreinakennarar	Stöðugt í gangi	Að ráða listrænan verkefnastjóra	Kannanir meðal nemenda og starfsfólks – ánægjuvögn	Vinna ekki hafin
Að efla gagnrýna hugsun með stofnun rýnihópa nemenda og starfsfólks	Kennarar og stjórnendur	Byrja á næsta skólaári og halda svo gangandi	Jákvæðni og skipulag	Aukin ánægja og tillitssemi allra í skólanum	Vinna ekki hafin

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að fá hugmyndir að verkefnum og skipulagi frá nemendum	Kennarar og deildarstjóra koma vinnubrögðunum af stað	Hægt að koma skipulagningu á strax og hefja vinnuna af alvöru næsta skólaár	Samvinnu og skipulag	Sést af áhuga og vinnu nemenda	Vinna ekki hafin
Samantekt og endurgjöf í lok kennslustunda	Kennari og nemendur	Hægt að koma skipulagningu á strax og hefja vinnuna næsta skólaár	Samvinnu og skipulag	Skoða námsárangur nemenda	Vinna ekki hafin

Gæðagreinir 5.3, að mæta þörfum allra nemenda í námi og auka val innan námsgreina í samræmi við áhugasvið og að úrræðin sem fyrir eru nýtist betur

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að útbúa verkferla í námsgreinum (til er skrifleg útfærsla á verkferlum)	Deildarstjórar og umsjónar-kennarar	Drög verði tilbúin fyrir íslensku og stærðfræði haustið 2012	Samstarf og tíma	Starfs-ánægja og öryggi nemenda kemur í ljós þegar hlutirnir eru skipulagðari Einkunnir úr samr. prófum	Vinna ekki hafin
Að setja fram tilboð um val innan námsgreina	Kennarar í viðkomandi grein	Fyrir haustið 2012	Samstarf kennara á milli og samstarf við nemendur	Ánægðari nemendur Metið með gæðagreini	Vinna ekki hafin

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Að fara yfir stuðningsúrræði þannig að stundatöflur stangist ekki á	Deildarstjóri í sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi stigs	Fljótlega eftir að skóli hefst að hausti	Þeir sem koma að kennslu nemandans, umsj.kenn. og sérkenn. hittast og samræma stundatöflu bekkjar og nám einstaklingins sem nýtur stuðningsúrræða	Viðræður við nemendur og forráðamenn þeirra sem úrræðanna njóta	Vinna hafin
Að mynda teymi um nám hvers einstaklings sem nýtur margs konar stuðningsúrræða	Umsjónarkennari og viðkomandi deildarstjóri ásamt sérkennurum	Fljótlega eftir að skóli hefst að hausti	Ákvörðun	Viðræður við nemendur og forráðamenn þeirra sem úrræðanna njóta	Vinna hafin

Gæðagreinir 5.5, að bæta samskipti, gagnkvæma virðingu og skólabrag

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Vinabekkir	Deildarstjórar	Nóvember 2011	Áætlun	Könnun á líðan	Vinna hafin, áætlun gerð á deilda-fundum 9.feb. 2012
Endurskoða skólareglur Samskipti og skólabragur Agamál, skýrari starfsreglur	Skóla-stjórnendur – allir með	Tilbúið fyrir skólaárið 2012-2013	Skipulag, jákvæðni, vilja, samstöðu	Jákvæð umræða í samfélaginu Könnun á líðan	Vinna ekki hafin
Hlúa betur að miðjunni	Umsjónar-kennarar, sérkennarar	Haustið 2012	Samvinnu / frumkvæði Örnámskeið	Könnun á líðan	Vinna hafin, miðju-börnin skoðuð m.t.t. sérkennslu

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Halda því á lofti sem vel er gert í skólanum Nemendur /starfsfólk)	Allir	Aldrei, stöðugt í gangi	Vilja, frumkvæði	Könnun á líðan Jákvæðari umræða	Vinna hafin, á heimasíðu skóla og bæjar, í Víkur-fréttum
Uppbyggingarstefnan, dusta af henni rykið. Skýr mörk og sameiginleg gildi	Stýrihópur og allir með	Aldrei, stöðugt í gangi	Leggja áherslu á og vekja athygli á jákvæðni og hjálpssemi t.d. með ákveðnum vegg með slíkum hlutum	Könnun á líðan	Vinna hafin, teymi stóð fyrir vinnu á starfsdegi 6. feb. 2012

Gæðagreinir 5.6, að stuðla að jafnrétti og samngirni innan skólasamfélagsins

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Jafnréttis-áætlun sé aðgengilegt og lifandi gagn í skólastarfinu	Starfsmenn skólans	Sífelld í endurskoðun	Þekking á áætluninni	Starfsmanna viðtöl Ánægðari starfsmenn	Vinna hafin, áætlunin á heimasíðu, störf auglýst fyrir skólaárið 2011-2012
Auka virðingu fyrir öllum störfum innan skólans	Allir starfsmenn skólans	Stöðug vinna sem lýkur aldrei	Kynna og hafa sýnilegt hlutverk hvers og eins	Starfsmannaviðtöl	Vinna hafin. Markviss vinna með uppbyggingarstefnu hófst á ný á starfsdegi í febrúar. Vinna með bættan starfsanda 23. febrúar undir stjórn Einars Gylfa sálfræðings o.fl.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Leita þarf leiða til þess að styrkja sjálfsmynd nemenda enn frekar	Umsjónar-kennarar	Stöðug vinna sem lýkur aldrei	Samstarf	Könnun á liðan	Vinna í gangi. 110 nemendur á sjálfsstyrkingar-námskeiði hjá námsráð-gjafa

Gæðagreinir 5.9, að umbótastarf verði markvissara sem leiði til árangursríkara skólastarfs

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Vinna þróunar-áætlun út frá sjálfsmati, kynna hana og hafa hana sýnilega. Fela ákveðnum aðila að fylgja henni eftir	Skólastjórn	Lýkur aldrei	Niðurstöður úr sjálfsmati	Þróunar-áætlunin sýnileg, birt á heimasíðu	Áætlunin hefur verið kynnt, ákveðinn aðili fylgir henni eftir

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
<p>Að deila með öðrum því sem er til fyrirmyndar í starfi</p> <p>Stöðugri umræðu um faglega þætti skólastarfsins t.d. á deildarfundum og starfsmannafundum</p>	Skólastjórn	Lýkur aldrei	Hittast og ræða saman, t.d. á deildarfundum, starfsmanna / Kennarafundum	Almenn ánægja í skólasamfélaginu Fjölbreyttari kennsluáðferðir og ánægðari nemendur og starfsfólk	Vinna hafin. Gert á deildarfundum og öðrum fundum og með því að setja ánægjulega hluti á heimasíðu

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Markmið	Umsjón	Hvenær á verkinu að ljúka	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta?	Staðan
Stjórnendur þurfa að skýra betur skipurit og verksvið hvers og eins og kynna fyrir starfsfólki	Skólastjórn	Fyrir skólaárið 2012-2013	Umræður stjórnenda um hlutverk sín og markvissa vinna	Skipurit sýnilegt – birt á heimasíðu	Vinna hafin, en lýkur væntanlega undir forystu nýs skólastjóra

Margar athugasemdir komu fram hjá starfsfólki skólans að umbótum á skólastarfi Grunnskóla Grindavíkur. Skólastjórnendur fara vel yfir þróunaráætlanir og forgangsráða þeim verkefnum sem vinna á með. Með þessu móti gefst starfsfólki og stjórnendum kostur á að fylgjast með því hvaða verkefni eru í vinnslu og hvaða verkefnum er ólokið eða lokið. Slíkar umbætur er liður í þróun og vexti hvers skóla og eru lykillinn að því að gera góðan skóla betri.

Viðaukar

Viðauki 1: Lokaskýrslur þróunarverkefna



Fjölsmiðja

– valáfangi á unglíngastigi

Nýsköpun í námsumhverfinu

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Verkefnastjórar:

Benný Ósk Harðardóttir

Pálmi Hafþór Ingólfsson

Markmið verkefnisins

Markmiðið var að styðja við nemendur á þann hátt að þeir öðluðust styrkan grunn í verk- og listgreinum og væru þannig undir það búnir að fara í framhaldsnám á því sviði eða búnir að öðlast færni til að takast á við þessa mikilvægu þætti í framtíðinni. Einnig var lagt mikið upp úr mannlegum samskiptum og að samveran í kennslustundum væri afslöppuð og heimilisleg. Þá var lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og að allir öryggisþættir í verknáminu væru í lagi.

Fjölsmiðjan var valkostur fyrir nemendur sem:

- Vildu öðlast jákvætt viðhorf til list- og verknáms.
- Vildu tengja skólagöngu sína við þátttöku í atvinnulífi og þá aðallega á verklega sviðinu.
- Vildu auka stórlega vægi verklegra námsgreina.
- Vildu leggja stund á nám í litlum hópi þar sem sérstök áhersla var lögð á umburðarlyndi og virðingu.

Eitt af markmiðum Fjölsmiðjunnar er að kynna þá starfsemi sem þar fer fram.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Kennsluaðferðir í fjölsmiðjunni miðuðust við að nám átti sér stað við raunaðstæður og þannig var dregið úr bóklegu námi. Hluti af náminu voru vettvangsferðir og fyrirlestrar um málefni sem nýttust nemendum í verkþáttum og daglegu lífi. Mikið var lagt uppúr því að samstarfið væri gott milli leiðbeinenda og nemenda. Hlustað var á væntingar nemandans og tekið mið af getustigi hans. Slagorð fjölsmiðjunnar er; enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Hugmyndafræði fjölsmiðjunnar mótaðist að miklu leiti af fjölgreindarkenningu Gardners. Samkvæmt kenningu Gardners eru margar greindir og allar vega þær jafn þungt og fjölsmiðjan byggir á, að allir hafa sterka hlið sem finna má innan þessara greinda. Unnið var

að jákvæðri atferlismótun, virðingu fyrir margbreytileika manna sem leiðir til fjölbreyttra námsaðferða. Dregið var úr óæskilegri hegðun með því að þjálfa félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti.

Í Fjölsmiðju var rík áhersla lögð á:

- Stundvísi og góðar mætingar.
- Virka þátttöku og vilja til að prófa nýja hluti.
- Að hjálpa nemendum að gera hugmyndir sínar raunhæfar og að veruleika.

Reynt var að styðja við nemendur á þann hátt að þeir fengju að prófa að vinna með ýmis konar efnivið. Hugmyndavinna og skapandi þáttur list- og verkgreina skipaði stóran sess í náminu. Markvisst var unnið að því að þjálfa nemendur í að móta eigin hugmyndir og að láta þær verða að fullbúnu verki. Mikið var lagt upp úr mannlegum samskiptum og að samveran í kennslustundum væri afslöppuð og heimilisleg. Þá var lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og að alls öryggis væri gætt.



Námið í Fjölsmiðjunni fór að mestu leyti fram í gömlu húsnæði skólans, útistofu. Stofan skiptist í tvennt, verkstæði og eldhús öðrum megin og smiðja hinum megin. Í smiðjunni er fyrst og fremst unnið að málmsmíðiverkefnum en á verkstæðinu er unnið með leður, skartgripagerð, mósaík, silfursmíði, nýtt búið til úr notuðu, eldhússtörf og í byrjun vetrar var unnið að því að betrubæta húsnæðið.

Fjölsmiðjan er nokkuð vel búin áhöldum og verkfærum sem gerir mögulegt að bjóða upp á fjölbreytt úrval verklegra verkefna. Hluti námsins fór fram í vettvangsferðum og heimsóknum til fyrirtækja og stofnana til að kynna sér starfsemi þeirra. Nokkrir gestakennarar komu í heimsókn. Nýsköpunarkeppni grunnskóla var kynnt fyrir nemendum á netinu og skráðar voru nokkrar hugmyndir til leiks. Stuðst var við netmiðla í hugmyndavinnu og til að skoða myndbönd um aðferðir til að gera hitt og þetta.



Tveir eldri borgarar/ömmur hjálpuðu til í eldhúsi við bakstur og önnur verkefni og lögðu sitt að mörkum við að skapa notalegt andrúmsloft og persónulega nærveru.



Menn mættu mjög einbeittir til leiks í haust og voru þrír nemendur sem mættu í fyrsta tíma með þá hugmynd að búa til körfuboltahring sem gæti verið úti. Við þetta verkefni var fenginn gestakennari sem reyndist mjög vel. Allir voru áhugasamir um að komast í smiðjuvinnu sumir luku ákveðnu verki, aðrir gerðu prufur og lærðu ákveðna verkþætti.



Í desember fengum við Viktoríu Róbertsdóttur kennara í heimsókn og kynnti hún tálgun. Það sló í gegn hjá ákveðnum hópi nemenda sem framleiddu smjörhnífa í jólagjafir.

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur júní 2012

Í desember voru tímarnir rólegir og afslappaðir. Búnir voru til sprittkertastjaka og í síðasta tíma fyrir jóla var jólabingó með verðlaunum. Það fannst nemendum mjög skemmtilegt.

Í janúar hófst vinna við innilistaverk úr mósáíki og útilistaverk úr málmi sem var afhjúpað í menningarviku Grindavíkur í mars.

Farið var í heimsókn til Vignis í Krosstré sem er með verkstæði hér í Grindavík. Vignir hannar listmuni úr viði.

Í febrúar var farið í vettvangsferð í Duus hús í Reykjanesbæ. Þar var sýning Aðalheiðar Eysteinsdóttur, Á bóndadag, skoðuð.

Nemendum fannst þetta stórkostlegt og var ferðin nokkurs konar kveikja að verkefni fyrir

Fjölsmiðjuna.

Haraldur Gunnarson

skartgripahönnuður kom í apríl til að kenna réttu handtökin í skartgripagerð.

Farið var með 5 nemendur sem hafa mikinn tónlistaráhuga í heimsókn í hljóðverið Geimstein í Reykjanesbæ apríl þar sem móttökurnar voru hreint út sagt frábærar. Þar tók



Baldur, sonur Rúnars Júl, á móti okkur.

Í tengslum við úrslitakeppnina í körfubolta komu erlendu leikmennirnir í Grindavíkurliðinu í heimsókn og ræddu málin.

Kennarar í Fjölsmiðjunni voru duglegir að sækja námskeið, þ.á.m. í skartgripagerð, í endurvinnslu á alls kyns efniviði, í silfursmíði, í munsturagerð, í málun og teikningu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Hugmynd okkar um viðgerðarverkstæði féll ekki í kramið hjá nemendum en hins vegar fannst þeim spennandi að taka raftæki í sundur og skoða. Einnig var stefnt að því að nemendur fengju tækifæri til að búa til heimasíðu fyrir Fjölsmiðjuna sem átti að sýna vinnu þeirra og verk og tengja heimasíðuna við Grunnskólann og heimasíðu bæjarins, svo að fólk gæti séð hvað færi fram í Fjölsmiðjunni þar. Hins vegar vorum við dugleg að setja inn fréttatilkynningar og myndir á heimasíðu skólans og heimasíðu Grindavíkur. Eins var umfjöllun um Fjölsmiðjuna í Járngerði, fréttariti Grindavíkur.

Skráning í hugmyndabanka hefði mátt vera markvissari og sýnilegri nemendum.

Vel tókst til við að fá ömmu til okkar með annan hópinn en við gátum ekki fest neinn ákveðinn eldri borgara hinn daginn. Hins vegar fengum við nokkrar skemmtilegar heimsóknir

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þar sem stofan skiptist í tvennt og ákveðin nemendafjöldi rúmast sitt hvorum megin var það hindrun í byrjun þar sem eftirsóknin var mikil í smiðjuna og urðu nemendur fyrir vonbrigðum að ekki kæmust allir fyrir í einu. Tveir hópar voru í Fjölsmiðjunni og teljum við annan hópinn hafa verið á mjög óhentugum tíma, þ.e. kl. 15:00 á miðvikudögum sem gerði það að verkum að einstaka nemandi var oft á tíðum þreyttur og svangur. Í einstaka tilfelli var erfitt að ná í sérfræðinga á ýmsum sviðum til að leiðbeina okkur.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Segja má að rauði þráðurinn í starfinu í vetur hafi verið að byggja upp sjálfstraust, skapa og virkja áhuga nemenda á list- og verkgreinum ásamt því að leita lausna um hvernig á að bregðast við ýmis konar verkefnum sem til falla. Internetið er uppspretta margra góðra hugmynda og hægt er að kynna sér ótrúlegustu hluti á netinu. Í hugmyndavinnu sinni voru nemendur duglegir að skoða sniðugar heimasíður, bæði erlendar og innlendar.

Við teljum að við höfum unnið mjög gott verk í þessari vinnu í Grunnskóla Grindavíkur í ár. Veturinn hefur verið lærdómsríkur, bæði fyrir nemendur og kennara. Margir hafa sýnt algjörlega nýja hlið á sér í Fjölsmiðjunni og unnið stóra sigra hjá okkur sem skilar sér í ánægðari nemendahóp. Við teljum að með þessari vinnu höfum við komið til móts við ákveðinn nemendahóp í skólanum sem fundu sig ekki í bóklegu námi.

Mat og niðurstaða verkefnisins

Við erum sannfærð um að verkefnið skilaði því markmiði sem lagt var upp með í byrjun. Jákvæð umfjöllun og kynning á verkefninu skilaði sér í greinilegum áhuga meðal nemenda. Það má sjá á fjölda nemenda sem hefur valið Fjölsmiðju fyrir skólaárið 2012-2013. Við finnum fyrir miklum áhuga í skólasamfélaginu bæði innanbæjar sem utan. Þegar hefur verið óskað eftir kynningu á starfinu frá fagaðilum og skólum. Fjölsmiðjan verður áfram val á unglíngastigi þó með breytt sniði þar sem hægt er að velja á milli þess að vera í Fjölsmiðju hálf t ár og heilt ár.



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Til stendur að kynna verkefnið enn frekar í nóvember á ráðstefnu og einnig hefur verið óskað eftir kynningu á starfinu eins og áður hefur komið fram.

Til að verkefnið geti haldið áfram og þróast er mikilvægt að bæjaryfirvöld haldi áfram að styðja við það með auknu fjármagni. Slíkt verkefni kallar á töluvert meira fjármagn en bóklegt nám. Einnig er framlag eldri borgara og gestakennara ómetanlegt.





Skýrsla um þróunarstarf

„Lestrarstefna“

veturinn 2011- 2012

Stýrihópin skipuðu:

Bjarnfríður Jónsdóttir

Bryndís Hauksdóttir

Ólöf Bolladóttir

Sigurveig M.
Önundardóttir

Inngangur

Haustið 2011 tók til starfa hópur kennara í Grunnskóla Grindavíkur sem hafði það hlutverk að innleiða lestrarstefnu fyrir skólann. Lestrarstefnan yrði vinnuskjal sem unnið væri eftir á öllum skólastigum. Með lestrarstefnunni væru markmið lestrarkennslunnar gerð skýr og lögð áhersla á að samfella skapaðist á milli skólastiga.

Hópurinn skipaði: Bryndís Hauksdóttir, Ólöf Bolladóttir og Sigurveig M.Önundarsdóttir. Bjarnfríður Jónsdóttir sérkennslufulltrúi á Skólaskrifstofu leiddi vinnuna.

Markmið

Að gefa út lestrarstefnu fyrir Grunnskóla Grindavíkur.

Lýsing og framkvæmd

Hópurinn kom fyrst saman í 1. nóvember 2012 og setti sér markmið, og ákvað vinnutilhögun. Fljótlega var ákveðið að nota þetta skólaár til þess að vinna lestrarstefnu fyrir yngsta skólastigið þ.e. 1.-3. bekk. Haldið verði síðan áfram með hin skólastigin skólaárið 2012-2013.

Við ákváðum að skoða hvað aðrir skólar hefðu gert og væru að gera í þessum efnum. Það gerðum við með því að lesa lestrarstefnur frá öðrum skólum, fórum á sameiginlegan fund með kennurum í Reykjanes bæ þar sem þessi mál voru rædd. Við fengum í kjölfarið fund með lestrarfræðingi, Guðbjörgu Þórisdóttur, í Holtaskóla. Við fengum til námskeið um PALS kennsluáferðina sem allir kennarar skólans sóttu. Til stóð líka að hafa örnámskeið í kennsluáferðinni *Orðaspjall (text-talk)* en reyndist unnt að koma því að í skólanum í vetur. Sótt var um í Sprotasjóð til að þróunarverkefnisins *Orð af orði*. Fer það verkefni í gang í ágúst 2012. Í byrjun maí var haldinn fundur með kennurum í Hópsskóla þar sem drög að lestrarstefnunni var kynnt. Sköpuðust góðar umræður og lýstu kennarar yfir ánægju með stefnuna. Drögin fengu að liggja í skólanum í viku og kennurum gefinn kostur á að kynna sér

þau nánar og koma með athugasemdir. Í ágúst verður byrjað að vinna eftir stefnunni með námskeiði fyrir foreldra barna í fyrsta bekk.

Niðurstöður og mat

Okkur fannst mjög lærdómsríkt að fara í gegnum þessa vinnu. Við leggjum áherslu á að Lestrarstefnan verði virk áætlun sem verði í stöðugri endurskoðun. Í sambandi við tillögur okkar um samvinnu heimilis og skóla hefðum við viljað vera í samvinnu við hóp sem hefur það hlutverk að móta heimanámstefnu fyrir skólann. Einnig hefðum við viljað setja fastar niður viðbrögð við niðurstöðum úr prófum og skimunum en teljum að það þurfi að gerast í samræmi við sérkennslu-stefnu skólans eða í samvinnu við þá sem móta hana. Stefnum við að því að skoða þannig samstarf í áframhaldandi vinnu á næsta skólaári.

Lokaorð

Lestrarstefna fyrir 1.-3. bekk hefur nú komið út. Mikilvægt er að kennarar kynni sér stefnuna og starfi eftir henni

Stefnt er síðan að því að ljúka vinnu við lestrarstefnuna í heild vorið 2013.



Skýrsla um þróunarstarf

„Uppeldi til ábyrgðar“

veturinn 2011- 2012

Stýrihópin skipuðu:

Valdís I. Kristinsdóttir

Ellert Magnússon

Svava Agnarsdóttir

Inngangur

Undanfarin ár hafa verið starfandi við skólann stýrihópar sem hafa haldið utan um vinnuna við Uppbyggingastefnuna. Haustið 2011 tók til starfa nýr hópur, þau Ellert Magnússon, Svava Agnarsdóttir og Valdís Kristinsdóttir. Á síðasta skólaári kom fram einskær vilji starfsmanna til að efla vinnuna með Uppbyggingastefnuna og að starfsfólk yrði almennt betur að sér um notkun stefnunnar og myndu tileinka sér hana markvisst.

Markmið

Að Uppbyggingarstefnan og vinnan með hana verði virk og sýnileg í skólanum og að starfmenn hverju sinni séu meðvitaðir og upplýstir um notkun stefnunnar.

Lýsing og framkvæmd

Hópurinn ákvað í upphafi að kortleggja það hversu mikla fræðslu um stefnuna starfsmenn hefðu fengið og hvar helst væri þörf á meiri fræðslu. Allir starfsmenn voru spurðir um hversu mikla fræðslu þeir hefðu fengið og hvaða gögn þeir ættu um Uppbyggingastefnuna. Hópurinn vann drög að skipulagningu og skiptingu verkefna á milli árganga og var í þeirri vinnu m.a. stuðst við upplýsingar frá stýrihópum fyrri ára. Þessi drög voru síðan lögð fyrir starfsmannahópinn og unnu allir starfsmenn að því að skoða, betrumbæta og leggja fram viðbætur við drögin. Vinna þessi fór fram í hópum sem talið var í, þannig að það endurspeglaði allan starfsmannahópinn. Fólki fannst skemmtilegt að geta tjáð skoðanir sínar, sem voru fjölbreyttar og skemmtilegar, þrátt fyrir að vera ekki að vinna á viðkomandi stigi.

Á starfsdegi var hópavinna þar sem unnið var með starfsandann í anda Uppbyggingastefnunnar s.s. T-spjöld um agastjórnun, Y-spjöld um starfsanda, Lífsvagninn, bekkjarsáttmála, lífsgildi o.fl.

Stýrihópurinn tók niðurstöðurnar saman og skráði þær. Einnig tók stýrihópurinn saman tillögurnar varðandi skiptingu verkefna milli árganga og setti upp skipulag sem miðaði að því sem fram kom.

Verkefni voru síðan send öllum starfsmönnum í tölvupósti með ósk um athugasemdir, engar slíkar bárust og skoðast þær því samþykktar og tilbúnar til notkunar fyrir næstu skólaár. (viðhengi nr.1)

Til að skapa meiri ró á göngum skólans stakk stýrihópurinn upp á því að láta nemendur í ákveðnum árgöngum gera sín eigin fótspor til að sýna göngustefnu. Ákveðið var að 2., 5. og 8. bekkir myndu gera sín fótspor á varanlega límfilmu í litum skólans. Sú vinna hefur farið fram en eftir er að líma fótsporin. Þar sem límið þarf að þorna í a.m.k. sólarhring áður en gengið er á því hefur ekki fundist tími til þess enn.

Hópurinn er búinn að vera í samskiptum við félagið Uppeldi til ábyrgðar og hefur í kjölfarið og samvinnu við það skipulagt komu Cindy Brown, leiðbeinanda frá Kanada, til Grindavíkur 20. ágúst nk. Cindy mun halda dagsnámskeið fyrir okkur og í samráði við Pálma skólastjóra var ákveðið að bjóða starfsmönnum félagsmiðstöðvar, skólaskrifstofu og íþróttamiðstöðvar þátttöku. Cindy ætlar að leggja áherslu á notkun stefnunnar almennt í samskiptum við nemendur og starfsfólks sín á milli. Þegar nær dregur mun Cindy vera í samskiptum við Valdísi svo allt sé klappað og klárt fyrir 20. ágúst.

Niðurstöður og mat

Hópurinn upplifir að vinna hafi gengið vel og að starfsfólk sé almennt ánægt með vinnuna sem hefur farið fram. Vegna ýmiss konar röskunar á skólastarfinu var ekki unnt að koma fyrir eins mikilli vinnu með starfshópinn og upphaflega var ætlað en okkur þykir mest um vert að komin er áætlun til að fylgja og að endurmenntun hefur verið skipulögð. Vonandi verður námskeiðið hjá Cindy hvatning fyrir hópinn til að gera enn betur og að jafnvel verði hægt verði að fara af stað með leshópa í tengslum við stefnuna næsta vetur.

Í ljósi þess að botninn hefur stundum dottið úr starfinu með Uppbyggingastefnuna þá teljum við nauðsynlegt að halda áfram með hana og að stýrihópur verði áfram starfandi.

Lokaorð

Á meðan Grunnskóli Grindavíkur starfar undir merkjum Uppeldis til ábyrgðar er nauðsynlegt að starfsmannahópurinn sé virkur í vinnunni. Starfsmenn þurfa að vera vel upplýstir og hafa aðgang að endurmenntun hverju sinni. Nýir starfsmenn þurfa að lýsa sig tilbúna til að kynna sér og vinna að stefnunni og þá jafnframt þarf þeim að standa til boða að komast á námskeið og fá gögn um stefnuna. Vinna með stefnuna þarf að vera í sífelldri þróun til að nýtast sem best.



Skýrsla um þróunarstarf

Af heilum hug – fjölbreyttir kennsluhættir – útikennsla

veturinn 2012 - 2013

Stýrihópin skipuðu:

Benný Ósk Harðardóttir

Viktoría Róbertsdóttir

Inngangur

Á vorönn skólaárið 2011 – 2012 var haldið áfram með þróunarverkefnið er hafði fengið heitið Af heilum hug og farið hafði af stað haustið 2010. Ekki var mikið gert haustið 2011. Breytingar urðu í teyminu þar sem flestir þeir sem höfðu verið í því skólaárið 2010 -2011 sóttust ekki eftir að halda áfram. Viktoría Róbertsdóttir tók að sér að leiða áframhaldandi vinnu teymisins og inn komu þær Benný Ósk Harðardóttir og Petrína Baldursdóttir. Petrína sagði sig svo úr teyminu í apríl 2012.

Markmið

Verkefni þessu var ætlað m.a. að:

- auka fjölbreytni kennsluhátta í skólastarfinu
- efla kennara í að skoða sjálfa sig m.t.t. kennsluaðferða sem þeir nýta í kennslu
- auka öryggi og áræðni kennara við að nýta fjölbreyttar leiðir í kennslu
- auka fjölbreytni í námsmati samhliða fjölbreyttum kennsluháttum
- auka áhuga nemenda og koma enn betur til móts við ólíkar þarfi þeirra
- virkja þá reynslu, þekkingu og færni sem er í kennarahópnum, miðla á milli sín

Lýsing og framkvæmd

Fundur var haldinn í byrjun febrúar 2012 með þeim Ægi Viktorssyni deilarstjóra unglíngastígs, sem jafnframt veitti yfirumsjón þeirra þróunarverkefna sem í gangi eru innan skólans og Pálma Ingólfssyni settum skólastjóra á vorönn 2012. Á þessum fundi var farið yfir stöðu mála og tekin sú ákvörðun að snúa eilítið af leið og leggja ofuráherslu á útikennslu. Taldi hópurinn að yfirheiti verkefnisins Af heilum hug stæði vel fyrir sínu og héldi verkefnið áfram því heiti.

Margar hugmyndir komu fram á þessum fundi. Rætt var m.a. um hvað útikennsla væri í reynd og komust fundarmenn að þeirri niðurstöðu að hún næði til allra námsgreina, að mikilvægt

væri að nýta bæði nær- og fjærumhverfi skólans við kennsluna og að stefnt yrði á að fastsetja útikennslu inn á stundaskrá.

Fyrsti fundur teymisins var í febrúar. Ákveðið var að leggjast í lestur fræðigreina um útikennslu þar sem leitað væri upplýsinga um skilgreiningu slíkrar kennslu, aðferðir, námsmats, nálgarnir, kennslusvæða og annað er tengdist útikennslu. Einnig kynntum við okkur nýleg lokaverkefni.

Margar hugmyndir komu fram um verkefni og rætt var um hvert hugsanlega væri hægt að sækja styrki til verkefnisins.

Sótt var um styrki í Sprotasjóð, Barnavinafélagið Sumargjöf og í þróunarsjóð grunnskóla. Því miður fengust engir styrkir þetta árið en ákveðið er að sækja um aftur næsta skólaár.

Við settum okkur fimm markmið í upphafi (sjá þróunaráætlun) og sjáum að við höfum verið full bjartsýnar og munum ekki ná að festa útikennslu í sessi á öllum skólastigum haustið 2012. Hins vegar hefur heilmikill vinna farið fram og við stefnum á það hiklaust að útikennsla verði fest í stundatöflu haustið 2013.

Við ákváðum að óska eftir sérstöku útikennslusvæði við Mánagötu, þar sem auðvelt væri að tengja kennsluna við höfnina og við sáum tækifæri í gluggunum hjá Þorbirni. Við óskuðum eftir fundi með Ingvari bæjartækni-fræðingi og Ástu garðyrkjufraðingi og lögðum fram okkar hugmyndir. Í framhaldi af því var bæjarráði sent formlegt bréf um ósk um úthlutun á svæði. Erindið var tekið fyrir og var tekið jákvætt í verkefnið en sökum sparnaðar verða ekki settir neinir peningar í verkið í ár.

Niðurstöður og mat

Næsta skref er að teikna upp svæði fyrir útikennslu. Sú hugmynd kom upp við vinnuna að leita að mastersnema í umhverfisarkitektúr sem hugsanlega hefði áhuga á að nota þetta verkefni sem lokaverkefni sitt þ.e.a.s. að skipuleggja og hanna útikennslusvæði fyrir skólana.

Við óskuðum einnig eftir vinnuframlagi frá vinnuskólanum nú í sumar en við teljum að svo verði ekki fyrr en svæðið hefur verið hannað og búið til skipulag. Okkur langar að nota efniðvið úr náttúrunni í svæðið okkar, t.d. rekavið í bekki o.þ.h. Einnig myndum við vilja vita sem fyrst hvort að fagkennarar hafi einhverjar sér óskir um hvað þeir vilji hafa á svæðinu, t.d. útiöldstæði, e-h fyrir stærðfræðikennslu o.fl.

Við vorum með þær hugmyndir að hafa flotta kveikju fyrir kennara og búa til hugmyndabanka. Við erum enn á byrjunarstigi í þessu og óskum hér með eftir tíma í þessa vinnu á starfsdögum í haust.

Teymið fór á ráðstefnu 31. maí um útikennslusvæði.



Skýrsla um þróunarstarf

„Stærðfræði“

veturinn 2011- 2012

Stýrihópin skipuðu:

Frímann Ólafsson

Ellert Magnússon

Ægir Viktorsson

Inngangur

Í vetur komu nokkrir áhugasamir stærðfræðikennarar á unglíngastigi saman og höfðu áhuga á að endurskoða stærðfræðikennslu í ljósi þess að árangur okkar á samræmdum prófum hefur dalað. Meðal annars var farið í aðra skóla til að kynna okkur stærðfræðikennslu. Skoðuðum við Heiðarskóla í Keflavík þar sem góður árangur hefur náðst undanfarin ár. Með það hugarfar að bæta kennslu og kennsluhætti í Grunnskóla Grindavíkur.

Markmið

Að nemendur í Grunnskóla bæti námsárangur sinn í stærðfræði, að gott skipulag verði á kennslu, námsmati og samfelli í stærðfræðikennslu. Nemandur hafi tileinkað sér það sem stendur í aðalnámskrá, komi vel undirbúinn út í samfélagið, hafi góð tök og sjálfstraust í stærðfræði þegar þeir koma á næsta skólastig.

Lýsing og framkvæmd

Fyrirhugað var að skoða alla þætti sem við töldum að geti bætt kennsluhætti og hvernig unnt væri að bæta námsárangur nemenda. Fórum við og skoðuðum skipulag stærðfræðikennslu í Heiðaskóla. Fengum að sitja í kennslustundum og ræddum við kennara sem stjórna stærðfræðnáminu.

Einnig skoðuðum við námskrár, kennsluáætlanir frá öðrum skólum, aðalnámskrá, samræmd próf, námsefni, kennsluhætti, matskvarða og einkunnagjöf og þá með það í huga að samræma þessa þætti milli árganga á unglíngastigi. Tókum eldri samræmd próf, útbjuggum fimm hefti. Klíptir voru saman hlutir eins og rúmfræði í eitt hefti, algebra í annað hefti o.frv. til þess að átta okkur á hvernig prófin væru samsett. Hugmyndin var að nemendur gætu notað heftin til upprifjunar. Allt þetta skipulag á síðan að vera aðgengilegt á kennarasvæðinu.

Við byrjuðum á að gera áætlun varðandi á hverju við vildum byrja og hvaða áherslur við vildum hafa á skipulaginu. Vorum við sammála um að byrja á að taka upp skipulag frá Heiðarskóla sem inniheldur ákveðnar innlagnir, hugtakakort og leiðarbók sem nemendur skrifa allar glósur í og gátu þau síðan notað þessar glósur til að hjálpa sér við námið. Fyrirhugað var að sama bókin fylgdi nemendum frá 8. bekk þangað til skólagöngu þeirra lýkur. Áttu kennarar í hverjum árgangi að útbúa glósur sem nýtast myndu öðrum kennurum á komandi árum. Í framhaldi á þessu tókum við umræðu um hvort ætti að skipta um námsefni á unglingastigi. Haldinn var fundur með stærðfræðikennurum sem hafa kennt elstu árgöngum skólans. Umræðuefnið var hvort það væri skynsamlegt að breyta um námsefni í ljósi þess að samræmd próf taka frekar mið af nýju námsefni. Urðu miklar og góðar umræður um þessi mál. Unnum við síðan áfram með að útbúa glósur í hverjum árgangi og lögðum þær jafnhliða inn og notuðu nemendur leiðarbókina fyrir glósumnar. Einnig var unnið matsblað þar sem nemendur geta metið sig sjálfa.

Niðurstöður og mat

Ákveðið var að innleiða nýtt námsefni og skipulag í stærðfræðinni sem nýtist okkur í framtíðinni. Kennarar hafa að mestu lokið uppsetningu á glósum úr námsefninu en þó á eftir að setja það í fast form (Power Point og Mind Manager). Fyrirhugað er að ljúka því á næsta skólaári.

Enn eigum við þó eftir að ljúka við að skoða samsetningu á námsmati. Má þar nefna vægi á kennaramati, sjálfsmati, foreldramati og jafningjamati. Við erum enn að þjálf okkur í að nota leiðarbók og hugtakakort og má gera ráð fyrir því að það taki um eitt ár til viðbótar. Við gerum okkur grein fyrir að töluverð vinna er eftir og grunnskipulag ekki komið eins langt og við áætluðum.

Lokaorð

Samstarfið hefur gengið mjög vel þegar við gátum gefið okkur tíma til vinnunnar. Við náðum því miður ekki að hittast á skólatíma og sú vinna sem fór fram var helst snemma að morgni um helgar. Hefðum við gjarnan viljað hittast oftari. Undirritaðir byrjuðu í hópnum en síðan heltist Ægir að mestu úr starfinu og tími okkar virtist af skornum skammti til þessarar vinnu. Höfum við samt sem áður brennandi áhuga á að bæta starfið í stærðfræðinni og hefðum viljað halda áfram að þróa stærðfræðina í Grunnskóla Grindavíkur.



Skýrsla um þróunarstarf

„SMART-töflur“

veturinn 2011- 2012

Stýrihópin skipuðu:

Kristín Gísladóttir

Frímann Ólafsson

Inngangur

Hópurinn var settur á fót í mars 2012. Ætlunin var að halda utan um og kynna möguleika á frekara starfi með Smart-töflur. Á þessum tíma var verið að fjölga Smart-töflum í skólanum og ástæða þótti til að fylgja því eftir að nýta þær til fullnustu. Frímann átti að sjá um yngsta stigið, 1.-3. bekk, Kristín um miðstig, 4.-6. bekk.

Markmið

Að nýta Smart-töflur og skjávarpa í kennslu. Hópurinn átti að kynna sér hvað væri í gangi í öðrum skólum, kynna fyrir kennurum þá möguleika sem eru á notkun þessara tækja og vera tilbúinn til aðstoðar.

Lýsing og framkvæmd

Hópurinn byrjaði á því að heimsækja Varmás, söluaðila Smart-taflna. Þar hittum við Ólaf Sigurðsson sem hefur sett upp töflur í skólum og leiðbeint kennurum. Var þessi heimsókn fróðleg og ráðlagði Ólafur okkur að fá einhverja kennara sem unnið hafa með Smart-töflur í kennslu til að heimsækja okkur í skólann. Gott væri hinsvegar að undirbúa hópinn fyrir slíka heimsókn.

Í framhaldi af því kynnti hópurinn sér vefsíður með efni til kennslu. Undirbjuggum vinnufund með kennurum hvort á sínu stigi. Á fundinum var farið var yfir það sem var tiltækt og námskeiðið kynnt. Í framhaldi var fyrirhugaður annar vinnu/upplýsingafundur. Vegna tímaskorts varð ekki af fleiri fundum. Hópurinn hittist hins vegar nokkrum sinnum og fór yfir hvaða möguleikar væru að nálgast viðfangsefnið. Unnum efni á Smart-töflur og einnig voru sett upp forrit í tölvur í kennaraveri.

Niðurstöður og mat

Við fundum fyrir því í upphafi vinnunnar að full þörf er á að viðlíka hópur leiði starfið og hafi visst frumkvæði við innleiðingu vinnu á Smart-töflur og skjávörpum. Hugsá mætti sér áframhaldandi starf þannig að hópurinn kynni sér hvað er í boði, möguleika á vinnu með töflurnar og miðli áfram til kennarahópsins. Ætla verður tíma fyrir vinnuhópinn að hitta kennara á því stigi sem viðkomandi heldur utan um.

Hópurinn telur að næsta skref væri að setja upp vinnu varðandi Smart-töflur í námsvísi sem kennarar gætu gengið að. Koma upp handbók sem væri aðgengileg kennurum.